

MOSFELLINGUR

3. TBL. 24. MARG. FIMMTUDAGUR 6. MARS 2025 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



HLJÓMSVEITIN GALDRAKARLARNIR Í MOS

Listaskóli Mosfellsbæjar kynnti starfsemi sína 1. mars

Dagur Listaskólans haldinn hátíðlegur



BLÁSÍÐ Í ÞVERFLAUTU



GÓÐUR GRUNNUR



ÆFINGIN SKAPAR MEISTARANN

EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



Uglugata 4 - Fallegt útsýni

Mjög falleg og vel skipulögð 135,6 m² 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Sérgeymsla er í kjallara (skráð 30,0 m²) með mikla möguleika sem hægt væri að nýta sem skrifstofu, tólmundaherbergi, rækt og fl. Rúmgóðar og skjólsælur svalir í suðurátt (um 17 m²) með fallegu útsýni. **V. 92,0 m.**



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



FYLGSTU
MEÐ OKKUR
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

LED BORÐA - VINNULJÓS
FRÁBÆR LAUSN!

10, 15 OG 20m - IP65 - 1500 lúmen pr meter.
Þú bara tekur borðann af rúllunni og stingur í samband

**IP65
VATNSHELT**

redder
Byggingalausnir

Hyrjarhöfða 2
S. 558 0888
www.redder.is

**KRANSAKAKAN FYRIR FERMINGUNA
FÆST Í MOSFELLSBAKARIÍ**

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI.IS



Mosfellingurinn Guðleif Birna Leifsdóttir tengiráðgjafi hjá Mosfellsbæ

**Hef væntingar um að
þetta muni skila sér »22**

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 5.000 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 3. APRÍL

..fyrr en misst hefur

Bæjarstjórnin á Seltjarnarnesi birti á dögunum ákall um að einhver tæki sig til og endurvækti bæjarblaðið Nesfréttir.



Í frétt á Mbl stendur: „Kveikjan að skrifum Þórs var sú að hann rak augun í hið rómaða blað Mosfelling sem gefið hefur verið út af myndarskap í Mosfellsbæ í tæpan aldarfjórðung. Nesfréttir voru hluti af bæjar-

bragnum og voru lesnar spjaldanna á milli. Okkur vantar þennan miðil aftur.“

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en að misst hefur, en Nesfréttir hættu að koma út fyrir rúmu ári síðan. Ég skil bæjarstjórnann vel og þykir vænt um þessi orð hans. Það er nefnilega nauðsynlegt hverju samfélagi að eiga gott bæjarblað þótt mörg þeirra hafi verið á undanhaldi.

Vonandi finna Seltírnir öflugt fólk á Nesinu til að halda utan um gott mannlíf og efla samheldnina í bæjarfélaginu. Það skiptir máli.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur



ÍSFLUGL

www.isflugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

REYKJALUNDUR Í 80 ÁR

Hinn 1. febrúar 1945 hófst rekstur vinnuheimilisins undir Reykjafelli, aðeins átta mánuðum eftir að fyrsta skóflustungan var tekin. Séra Hálfdan Helgason á Mosfelli gaf staðnum nafnið: Reykjalandur.

Fyrstu vistmennirnir fluttu þá á staðinn en það var ljóst að ærin verkefni voru fram undan: „Hér var sannarlega ekki glæsilegt umhorfs er fyrstu vistmennirnir komu. Hálfirfir herskólar, gaflar og steiptir botnar innan um litlu húsin okkar, næstum mannhætta að fara húsa á milli í myrkri og óveðrum.“

Hermannabraggarnir voru notaðir óspart fyrstu árin, þar voru tré- og járnsmíðaverkstæði, saumastofur og bíosalur. Á verkstæðunum fór fram fjölbreytt starfsemi, framleidd leikföng,



skólalúsgögn, lampaskermar og rúm. Einnig voru bundnar inn bækur en á saumastofunni voru saumaðir kjólar,

teppi og gluggatjöld. Þá var einnig bólstrunarverkstæði, þrjónastofa og netahnýting að Reykjalandi.

Texti: Saga byggðar í 1100 ár.
Mynd: Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

Umjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu

- hraðasta internetið
- ótakmarkað gagnamagn
- langbesta verðið
- fyrir námsmenn

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór
Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil
Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur
Benediktsson
Lögg. fasteignasali



REYKJAMELUR 14A

Nýlegt og mjög fallegt 150,0 m² parhús á einni hæð með bílskúr. Mikil lofthæð, hljóðdúkur í alrými með innbyggðri lýsingu. Fallegar innréttingar frá Kvík. Frábær staðsetning innst í botnlanga.

V. 129,9 m.



VEFARASTRÆTI 11

Björt og falleg 83,1 m², 3ja herbergja endaíbúð á 3. hæð (efstu hæð) ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Svalir með fallegu útsýni í suðurátt. Búið er að setja upp hleðslustöð fyrir rafmagnsbíl í bílastæði í bílakjallara.

V. 68,9 m.



HJALLAHLÍÐ 19C

Rúmgóð og vel skipulögð 4-5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjórbylishúsi ásamt bílskúr. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi (hægt að bæta við öðru), forstofu, baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús, borðstofu og stofu. Svalir í suðvesturátt með fallegu útsýni.

V. 87,9 m.



SELJADALSVEGUR 12

Nýtt og glæsilegt 124,1 m² heilsárhús/sumarhús í útjaðri byggðar rétt við Hafvatn. Frábær staðsetning, ca 10-15 mín. akstur frá höfuðborgarsvæðinu. Stórir gólfsíðir gluggar í allar áttir þar sem útsýnið fær að njóta sín.

V. 129,9 m.



VEFARASTRÆTI 38

Falleg og vel skipulögð 73,7 m², 2ja herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Svalir í suðurátt með fallegu útsýni. Frábær staðsetning, stutt frá skóla, almenningsamgöngum og vinsælum útivistarsvæðum.

V. 63,5 m.



URÐARHOLT 4

Falleg og vel skipulögð 49,3 m², 2ja herbergja íbúð í litlu fjórbylishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi/þvottaherbergi. Björt og falleg tveggja herbergja íbúð í miðbæ Mosfellsbæjar.

V. 45,9 m.



LAXATUNGA 139

Fallegt 239,5 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Fallegur bakgarður með timburverönd með heitum potti í suðurátt. Steypt bílplan með snjóbræðslu. Vel staðsett eign í hverfinu með fallegt útsýni.

V. 179,9 m.



ÁSLAND 4A

Fallegt og bjart 99 m² parhús ásamt 26 m² bílskúr á stórrí lóð við Ásland 4A. Eignin skiptist í 2-3 herbergi og er eitt þeirra með rislofti, forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Fyrir framan húsið er hellulagt bílplan og er stór timburverönd og gróðurhúsi í bakgarði.

V. 108,9 m.



LAXATUNGA 33

Mjög fallegt og vel skipulagt 321,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum og innbyggðum bílskúr ásamt aukaíbúð á neðri hæð. Stór bakgarður í suður- og vesturátt. Glæsilegt útsýni er frá efri og neðri hæð hússins.

V. 220,0 m.



BJARKARHOLT 25

Mjög falleg og vel skipulögð 129,0 m², 4ra herbergja endaíbúð með fallegu útsýni á 3. hæð ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Fallegar innréttingar og gólfefni. Tvennar svalir með svalalokunum. Frábær staðsetning í miðbæ Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla helstu þjónustu.

V. 97,5 m.



VEFARASTRÆTI 18

Björt og mjög falleg 110,7 m², 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með útgengi út á verönd (27 m² séránotareitur) í suðurátt ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu. Gott skipulag, fallegar innréttingar frá Axis og innfelld lýsing hönnuð af Lumex.

V. 81,0 m.



GERPLUSTRÆTI 33

Falleg og vel skipulögð 108,4 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Svalir í suðurátt. Frábær staðsetning, rétt við Helgafellsskóla. Stutt í almenningsamgöngum og vinsæl útivistarsvæði.

V. 84,9 m.



GERPLUSTRÆTI 2

Mjög falleg og vel skipulögð 68,9 m², 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinnangi í lyftuhúsi. Eigninni tilheyrir 27,5 m² séránotaréttur. Frábær staðsetning rétt við Helgafellsskóla.

V. 58,9 m.



LEIROVGSTUNGA 41

Glæsilegt 214,5 m², 5-6 herbergja einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Gólfhiti er í húsinu og innbyggð lýsing í flestum rýmum. Húsið var hannað með það í huga að hægt væri að gera aukaíbúð í húsinu. Hellulögð verönd til suðurs og vesturs.

V. 169,9 m.



Út um allt - nýr upplýsingavefur opnaður

Út um allt, nýr upplýsingavefur, var formlega tekinn í notkun á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) 3. febrúar. Á vefnum utumallt.is er að finna yfirlit og upplýsingar um yfir 30 skemmtileg útivistarsvæði og 40 kortlagðar göngu- og hjólaleiðir, vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið. Leiðum fylgja gagnlegar upplýsingar, til að mynda um erfiðleikastig og tímalengd, og getur notandi jafnframt séð eigin staðsetningu á korti og fylgt leið í rauntíma. Á síðunni er góð leitarvél og hægt er að sía eftir ýmsum breytum á borð við sveitarfélag, aðstöðu, þjónustu og aðgengi. Vefurinn, sem er bæði á íslensku og ensku, er samstarfsverkefni SSH og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins. Út um allt hefur verið tæp tvö ár í undirbúningi. Ráðist var í djúpa þarfagreiningu og var samráð haft við íbúa, sveitarfélögin, ferðaþjónustuna og aðra hagaðila á höfuðborgarsvæðinu, enda mikilvægt að vefurinn sé sniðinn að þörfum notenda.

Ráðin æskulýðsfulltrúi Lágafellssóknar

Thelma Rós Arnardóttir, 21 árs Mosfellingur, hefur verið ráðin sem æskulýðsfulltrúi Lágafellssóknar. Thelma Rós mun skipuleggja og hafa umsjón með barna- og æskulýðsstarfi safnaðarins, ásamt því að leiða sunnudagaskóla. Yfir sumartímann mun Thelma Rós hafa umsjón með sumarnámskeiðunum sem hafa notið mikilla vinsælda. Þá mun Thelma Rós leysa kirkjuvörð af og hafa umsjón með samfélagsmiðlum og vefsíðu. Á sínum yngri árum tók Thelma sjálf þátt í barnastarfi Lágafellssóknar og segir hún æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar mjög mikilvægt og er stolt af því að hafa síðustu ár fengið að kynna kristna trú á fjölbreytilegan hátt fyrir ungu fólki. „Ég er full af hugmyndum og tilbúin að gera gott starf sem þið í Lágafellssókn stundið enn betra.“



SARDAR, REGÍNA, KRISTLAUG OG IRYNA



KÁTIR KRAKKAR

30 ára afmæli Reykjakots • 85 börn í leikskólanum • Nýtt eldhús tekið í notkun

Afmæli og nýju eldhúsi fagnað á leikskólanum Reykjakoti

Leikskólinn Reykjakot fagnaði 30 ára afmæli á dögunum og vígði við sama tilefni nýtt eldhús. Leikskólinn hefur stækkað og dafnað í gegnum tíðina og í dag eru um 85 börn þar á aldrinum 1-5 ára.

Stjórnendur og starfsfólk Reykjakots hafa átt frumkvæði að og tekið þátt í fjölda þróunar- og frumkvöðlaverkefna í gegnum tíðina, bæði stórum sem smáum. Þannig hefur starfsfólk skólans komið að því að skrifa leikskólasögu bæjarins og tekið virkan þátt í þeirri nýbreytni og faglegu framþróun sem einkennt hefur leikskólastarf í Mosfellsbæ. Sökum þessa hefur oft verið leitað sérstaklega til Reykjakots í gegnum tíðina varðandi þátttöku í þróun nýrra kennslu- og starfshátta.

Uppfyllir allar nýjustu kröfur

Verktakinn Mineral ehf. sá um framkvæmdina á nýja eldhúsinu og notaðist við svokallaða Durisol kubba í burðarvirkið á nýju byggingunni sem er 97 fermetrar að



LEIKSKÓLINN REYKJAKOT

stærð. Kubbarinn eru framleiddir úr sérvöldum endurunnum víði og síðan steingerðir með vistvænum aðferðum. Eldhúsið uppfyllir allar nýjustu kröfur sem gerðar eru til slíkra eldhúsa tengt aðgengismálum, byggingareglugerð, heilbrigðiseftirliti og vinnueftirliti svo eitthvað sé nefnt.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri var við

vígsluna og færði starfsfólki blómvönd og gjöf og óskaði starfsfólki, börnum, foreldrum og öllum velunnurum skólans til hamingju með afmælið og nýja eldhúsið. Þá þakkaði hún starfsfólki skólans sérstaklega fyrir þeirra framlag og natni við að gera Reykjakot að þeim góða leikskóla sem hann er.



SIGRÚN, ANNA VILBORG OG AUÐUR ÓSK

Stofan starfrækt frá árinu 2009

Eigendaskipti á Fótaaðgerðarstofu Mosfellsbæjar

Þann 1. febrúar urðu eigendaskipti á Fótaaðgerðarstofu Mosfellsbæjar þegar Auður Ósk Ingimundardóttir afhenti nýjum eigendum Önnu Vilborg Sölmundardóttir og Sigrúnu Áslaugu Guðmundsdóttir lykllana.

Fótaaðgerðarstofan hefur verið starfandi frá árinu 2009 og eru fjórir fótaaðgerðafraeðingar sem starfa þar. Stofan er staðsett í Þverholti 3.

KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Sunnudagur 9. mars

Sunnudagaskóli – Náttfata og bangsa. Kl. 20: Mottumessa í Lágafellskirkju. Góðir gestir kíkja í heimsókn sem verður auglýst síðar. Organisti: Árni Heiðar Karlsson ásamt Karlakór Kjalnesinga. Ræðumaður: Davíð Ólafsson óperusöngvari og fasteignasali. Sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn leiðir stundina. Hressing & samfélag í skrudhúsi á eftir.

Sunnudagur 16. mars

Sunnudagaskóli. Taizé messa í Lágafellskirkju sunnudaginn 16. mars kl. 20.

Ljúf kvöldstund þar sem áhersla er lögð á söng og kyrrð.

Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir þjónar fyrir altari. Safnaðarsöngur undir stjórn Árna Heiðars Karlssonar organista og Mattíasar Stefánssonar fiðluleikara. Kaffisopi í skrudhúsi eftir messu.

Sunnudagur 23. mars

Sunnudagaskóli. Hefðbundin guðsþjónusta.

Sunnudagur 30. mars

Fermingar hefjast.

ÓsoM fundir

fyrir krakka 13-15 ára alla þriðjudaga kl. 20:00-21:30.

Foreldramorgnar

alla fimmtudaga kl. 10:00-12:00.

Gaman saman

samverur eldri borgara annan hvern fimmtudaga kl. 14-16.

Hægt er að sjá alla viðburði á heimasíðu kirkjunnar, Instagram og Facebook undir Lágafellskirkja

EKKI BARA FYRIR FJALLAFERÐIR

Jeep®

JEEP® WRANGLER RUBICON 4XE SPECIAL EDITION



5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á
DRIFRAHLOÐUNNI

PLUG-IN HYBRID

JEEP® WRANGLER RUBICON 4XE SPECIAL EDITION

Í Rubicon Special Edition-útfærslunni er Jeep® Wrangler Rubicon hugsaður fyrir þá sem hugsa sér ekki eingöngu að nota bílinn til fjallaferða. Jeppinn er samlitur og sýndur á 20" felgum sem undirstrikar ferskt, en samt klassískt og töff útlit. Special Edition býður upp á fjölbreyttar útfærslur meðal annars í felgu- og dekkjastærð. Það er auðvelt að hanna sína eigin útfærslu sem gerir Wranglerinn þinn einstakan.

**TÖKUM BÍLINN
ÞINN UPP Í NÝJAN**

EVROPUÁBYRGÐ: JEEP® BÍLAR INNFLUTTIR AF ÍSBAND UMBOÐSADILA JEEP® Á ÍSLANDI ERU MEÐ 5 ÁRA VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ OG 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á RAFHLOÐU. JEEP® SEM FLUTTIR ERU INN AF ÖÐRUM FRÁ EVRÓPU ERU MEÐ 2 ÁRA VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ FRÁ FYRSTA SKRÁNINGARDEGI - HVORT SEM HANN ER ERLENDIS EDA Á ÍSLANDI.

USA ÁBYRGÐ: JEEP® BÍLAR SEM ERU FLUTTIR INN AF ÖÐRUM EN ÍSBAND FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI MEÐ NEINA ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA. VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU TILKYNNTAR EIGANDA OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

ISBAND

UMBOÐSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Ráðinn UT leiðtogi hjá Mosfellsbæ

Páll Ágúst Ólafsson hefur verið ráðinn sem upplýsingatæknileiðtogi Mosfellsbæjar. Páll Ágúst er með M.Sc. gráðu í upplýsingastjórnun og B.Sc. gráðu í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Páll Ágúst hefur yfir 20 ára reynslu í upplýsingatækni. Hann var síðast forstöðumaður upplýsingatækniþróunar hjá Bláa Lóninu þar sem hann bar ábyrgð á rekstri upplýsingatækni-kerfa, leiddi starfræna umbreytingu og stefnumótun og stýrði bæði innlendum og erlendum teyllum. Hann hefur einnig starfað sem deildarstjóri upplýsingatæknideildar hjá Samgöngustofu og verið í leiðandi hlutverki í upplýsingatækni hjá bæði Íslandsbanka og Nestlé í Sviss.



Endurvekja Hlégarðs-bíó með Stellu í orlofi

Sunnudaginn 9. mars verður Hlégarðsbíó endurvakið í tilefni af Menningu í mars. Hin klassíska Stella í orlofi verður sýnd á risaskjá hún fagnar brátt 40 ára afmæli. Höfundur og framleiðandi myndarinnar er Mosfellingurinn Guðný Halldórsdóttir, Duna í Melkoti. Myndin fjallar um Stellu sem fer í sumarbústað með sænskum alka sem var á leiðinni í meðferð hjá SÁÁ. Þau lenda í alls kyns vand-ræðum á ferðum sínum. Myndin er raunsönn lýsing á íslensku þjóðfélagi áður en bjórin var leyfður, og er frábær skemmtun fyrir alvöru Íslendinga. Frítt er á sýninguna sem hefst kl. 20:00. Edda Björgvinsdóttir (Stella) auk Þórhildar Þorleifsdóttur leikstjóra myndarinnar ætla að heiðra gesti með nærveru sinni og hafa eflaust frá ýmsu að segja áður en sjálf sýningin hefst. Popp og drykkir verða til sölu á staðnum.

Bókin leitinn að orðum er komin út

Bókin Leitinn að orðum er komin út og er ætluð fyrir fólk af erlendum uppruna sem er búíð með grunninn í íslensku eða er á síðustu stigum íslenskukennslunnar, kennara sem vilja efla orðaforða íslenskra barna og unglunga og þá sem vilja rifja upp íslenskuna. Þetta er sjötta bók Kristínar Guðmundsdóttur fyrir fólk af erlendum uppruna. Ástæða þess að hún fór að gefa þessar bækur út að eigin frumkvæði var að vinkona hennar, sem kom til landsins árið 1995, sagði að það var skortur á góðu lestrarefni fyrir fólk af erlendum uppruna. Bókin inniheldur 12 stuttar og skemmtilegar skáldsögur af ýmsu tagi.



Félagar úr Kirkjukórnum í sárum • „Það er búið að reka kórinn“ • Samstarfsörðugleikar

Óskað eftir því að Kirkjukór Lágafellssóknar hætti

„Okkur var sagt á síðustu æfingu að við værum rekin,“ segir Valgerður Magnúsdóttir formaður Kirkjukórs Lágafellssóknar.

„Ég er búin að vera alveg miður mín yfir þessu og ekki sofið hálfan svefn. Þó svo að mörg okkar séu orðin fullorðin þá getum við sungið, þó vissulega hefði endurnýjun í kórnum getað verið markvissari.

Við eigum ekki skilið svona framkomu. Ég tek þetta mjög nærri mér,“ segir Vallý en kórinn var stofnaður árið 1948.

Margir kórfélaganna hafa haldið tryggð við kórinn og kirkjuna í tugum ára.

Haldið áfram að leita farsælla lausna

Samkvæmt kórfélögum voru þeim færðar þessar döpru fréttir á æfingu þann 11. febrúar og ekki hefur verið sungið síðan. Þá hafi organistinn sagt við þau að þau skyldu hætta. Kórinn væri ekki nægilega góður og orðinn of gamall.

Greinilegir samstarfsörðugleikar eru þarna á milli og hefur kórinn gefið það út að hann muni ekki syngja áfram undir sömu stjórn eftir þessa uppkomu.



SUNGIÐ Í LÁGAFELLSKIRKJU FYRIR NOKKRUM ÁRUM

Nálgast nú annasaman tíma í kirkjunni með fermingum og páskum. Sáttafundur var haldinn rétt áður en blað-

id fór í prentun og að sögn sóknarnefndar var fundurinn árangursríkur. „Haldið verður áfram að leita farsælla lausna.“

Metnaðarfull dagskrá á 80 afmælisári • Um 250 manns sóttu ráðstefnu • Samvinna

Vel heppnuð afmælisráðstefna Reykjalundar

Á dögunum fór fram glæsileg ráðstefna um endurhæfingu á vegum Reykjalundar í tilefni af 80 ára afmæli Reykjalundar á þessu ári.

Tæplega 250 manns voru skráðir til leiks og hlustuðu á metnaðarfulla dagskrá um stöðu mála í endurhæfingu.

Endurhæfing er samvinna

Afmælisráðstefnan bar titilinn „Endurhæfing er samvinna - Sköpum framtíðina saman“ en starfsfólk Reykjalundar vill gjarnan auka samvinnu þeirra sem starfa í endurhæfingarþjónustu, sjúklingunum og samfélaginu til bóta. Það var mikill samhljómur um aukna samvinnu hjá þeim sem töluðu á ráðstefnunni.

Heilbrigðisráðherra flutti líflegt og áhugavert ávarp, farið var yfir mikilvægi endurhæfingar út frá heilsuhagfræði, rætt um nýjungar, velt upp framtíðarsýn og erlendum gestur kynnti alþjóðlega CARF-gæðavottun sem Reykjalundur stefnir á að fara í gegnum nú síðar á árinu.

Síðast en ekki síst var fléttað inn í dagskrána stuttum kynningum frá fjölda aðila sem í málaflokknum starfa.

Þörf fyrir endurhæfingu mun aukast

Fram kom að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, World Health Organization, hefur áætlað að þörf fyrir endurhæfingu muni aukast á heimsvísu samhliða samfé-



UNDIRBÚNINGSNÆFNDIN: EDDA BJÖRG, KRISTÍN, HELGA, ÁRDIS OG PÉTUR

lagsbreytingum og lýðfræðilegum breytingum, s.s. breyttri aldursamsetningu þjóða, bættum lækni meðferðum og aukinni lifun í kjölfar greiningar á langvinnnum sjúkdómum. Áætlað er að einn af hverjum þremur muni þurfa á endurhæfingarþjónustu að halda einhvern tíma á lífsleiðinni.

Því er ljóst að endurhæfing mun gegna lykilhlutverki í heilbrigðisþjónustu til framtíðar.

Gísli Einarson fjölmiðlamaður stýrði

dagskránni af alunnri snilld og í lokin lét hann þessa limru falla:

Endurhæfing ætla ég að ætti að vera skemmtileg skörp og skýr ekki of dýr og þökkalega þverfagleg.

Rástefnunefnd Reykjalundar þakkar öllum fyrir sín innlegg og þátttakendum kærlega fyrir komuna.



ÞÉTT SETIÐ



HEILBRIGÐISRÁÐHERRA



Flokkun heimilissorps



Það er á höndum íbúa að flokka úrgang við heimili sín. Heimilissorp er flokkað í fjóra flokka; pappír/pappa, plastumbúðir, matarleifar og blandaðan úrgang.

Mosfellsbær hvetur íbúa til að huga enn betur að flokkun sem fer í blandaðan úrgang. Sérmerktir gáma eru við grenndarstöðvar og á endurvinnslustöð Sorpu fyrir úrgang eins og málma, gler, textíl, pappír/pappa og plastumbúðir.

Endurvinnslustöð Sorpu er staðsett við Blíðubakka og er opið frá kl. 12:00 - 18:30 alla daga vikunnar.

Grenndarstöðvar eru opnar allan sólarhringinn og eru staðsettar á eftirfarandi stöðum:

- Bogatanga
- Dælustöðvarveg
- Vogatungu

Allar nánari upplýsingar má finna á:
www.sorpa.is

Galdrakarlinn í Oz í Bæjarleikhúsinu á sunnudögum • Yfir 30 manns í söngleiknum

LEIKFÉLAGIÐ FRUMSÝNIR GALDRAKARLINN Í OZ



UNDIRBÚNINGUR Í BÆJARLEIKHÚSINU

Sunnudaginn 9. mars verður söngleikurinn Galdrakarlinn í Oz frumsýndur hjá Leikfélagi Mosfellsveitar.

Sýningin er byggð á samnefndri bók eftir L. Frank Baum og segir frá hinni ungu Dóróteu og hundinum hennar Tótó sem, eftir að hafa lent í hvirfilbyl á heimili sínu í Kansas, lenda í hinu töfrandi landi Oz. Þar þarf hún ásamt fugla-hræðunni, tinkarlinum og huglausa ljóninu að fylgja gula veginum til þess að hitta hinn mikla galdrakarl og fá aðstoð hans til að komast heim.

Ferðin er þó ekki hættulaus og þurfa þau meðal annars að varast hina vondu vestannorn.

Sýnt á sunnudögum

Alls koma yfir 30 manns að sýningunni, leikarar og baksviðsfólk. Leikstjóri er Aron Martin Ásgerðarson og danshöfundur Svanhildur Sverrisdóttir.

Sýnt verður á sunnudögum í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ og nálgast má miða á tix.is



Myrkvi gefur út þriðju breiðskífuna

Rykfall er nýútkomin plata Myrkva sem er listamannsnafn tónlistarmannsins Magnúsar Thorlacius. Rykfall er afrakstur margra ára vinnu. Hún er sjálfstæðasta verk listamannsins til þessa en nánast hvert smáatriði plötunnar er spilað eða útsett af honum. Markmiðið var að skapa eitthvað sem gæti staðist tímans tönn. Platan fjallar um að leggja allt undir og eltast við draum. Hún hefst á slíkri yfirlýsingu og hápunkti þess frelsis, sem einnig veitir rými til þess að horfa yfir farinn veg. En nýjum raunveruleika fylgja óhjákvæmilega erfiðleikar og með tímanum seytle inn efasemdir um hvort draumurinn sé að nálgast, sem splundrar sjálfsmýndinni. Eftir sitja biturt bragðið og spurningin um hvort byrja eigi upp á nýtt eða segja þetta gott. Nafnið Rykfall er kaldhæðinn spádómur fyrir verkið og lýsir í senn meginþemanu: jafnvæginu milli bjartsýni og vonbrigða. Með því að storka örlögnum á þennan hátt vonast Myrkvi til þess að slá vopnin úr höndum tímans, því það má finna fegurð í týndum perlum, jafnvel þó þær safni ryki.

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN BRÚARLANDI • FRAM UNÐAN Í STARFINU



Hlégarður


Alla þriðjudaga kl. 13:00-15:00 í vetur. Hlégarður er opinn fyrir allan aldur til að koma saman og njóta samveru og t.d. þrjóna, spila, vefa, tefla, dansa eða syngja. Endalausir möguleikar. Alltaf er heitt á könnunni og hlýlegt að koma til okkar. Nýtum fallega Hlégarð til samveru. Ef þú hefur einhverjar góðar hugmyndir sem ættu heima í þessum samverustundum, endilega hafðu samband við Elvu forstöðumann félagsstarfsins í síma 6980090 eða elvab@mos.is.

Myndlistasýning í Lágafellslaug Nemendur á námskeiði í félagsstarfinu Brúarlandi eru með sýningu í anddyri Lágafellslaugar og stendur sýninginn út marsmánuð. Allir velkomnir.



Ljósmyndun

Hefur þú áhuga á ljósmyndun? Okkur í félagsstarfinu Brúarlandi langar að stofna hóp fyrir fólk sem hefur gaman af ljósmyndun, hvort sem það er að fara út og taka myndir, skoða þær saman, tækjaval og allt annað sem gæti því tengst. Ef þetta er eitthvað sem snertir þitt áhugasvið, endilega hafðu samband og við söfnum í hóp í síma 586-8014 eða á felagsstarf@mos.is. Hlökkum til að heyra frá þér.



Pokakast í Hlégarði kl. 13:00 alla þriðjudaga. Verið velkomin.



Línudans alla þriðjudaga, byrjendur kl. 14:30, lengra komnir kl. 15:00. Verið velkomin.



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er **Elva Björg Pálsdóttir** tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.



FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Jónas Sigurðsson formaður
jonass@islandia.is

Jóhanna B. Magnúsdóttir varaformaður
hanna@smart.is

Þorsteinn Birgisson gjaldkeri
thorsteinn.birgis@gmail.com

Guðrún K. Hafsteinsdóttir ritari
gunnasjana@simnet.is

Ólafur Guðmundsson meðstjórnandi
polarafi@gmail.com

Ingibjörg G. Guðmundsdóttir varamaður
igg@simnet.is

Hrund Hjaltadóttir varamaður
hrundhj@simnet.is

FRAMHALDSSKÓLINN Í MOSFELLSBÆ

OPIÐ HÚS 19. MARS

**Við tökum á móti
grunnskólanemum og
forráðafólki á milli kl.16:30-18:00**

Vöflur með rjóma í boði hússins

FMOS

Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ



VAL ÞEIRRA SEM HUGSA SJÁLFSTÆTT UM EIGIN FRAMTÍÐ

Byggja tvö fjölbýlishús • Leiguheimili að norrænni fyrirmynd

Fyrsta skóflustunga fyrir íbúðir Bjargs íbúðaleigufélags

Í vikunni var fyrsta skóflustungan tekin að tveimur fjölbýlishúsum við Úgötu 10-12 þar sem Bjarg íbúðafélag byggir 24 íbúðir.

Félagið er sjálfseignarstofnun sem er rekin án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði, sem eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB, aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu.

Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd og voru fyrstu íbúðirnar á þeirra vegum afhentar leigutökum

í júní 2019.

Bæjarráð samþykkti úthlutun lóðanna í tengslum við 5. áfanga Helgafellshverfis. Á því svæði hafa verið skipulagðar 151 íbúð sem mynda blandaða byggð í hlíð á mótinu suðri.

Langtímaleiga á hagstæðu verði

Skóflustunguna tóku þau Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Ólafur Óskarsson formaður velferðarnefndar og Sigurbjörg Fjölisdóttir sviðsstóri velferðarsviðs fyrir hönd Mosfellsbæjar. Fyrir hönd Bjargs var



SKÓFLUSTUNGA Í ÚGÖTU

Björn Traustason framkvæmdastjóri og fyrir hönd byggingaraðila þeir Baldur Pálsson og Hjálmar Jónsson hjá Eðalbyggingum og Finnbjörn A. Hermannsson formaður ASÍ.

„Þetta er mjög ánægjulegur áfangi og mikilvægt að geta boðið upp á íbúðir til langtímaleigu á hagstæðu verði hér í Mos-

fellsbæ,“ segir Regína bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Björn Traustason framkvæmdastjóri Bjargs íbúðaleigufélags segir verkefnið marka upphafið á farsælu samstarfi við Mosfellsbæ og sé mikilvægur áfangi í uppbyggingu öruggs leiguhúsnæðis.

Mosfellsbær semur við íþrótt- og tómsundafélög • Áhersla lögð á aukið framboð fyrir börn með sértækar þarfir

Samstarfssamningar endurnýjaðir

Mosfellsbær og sex íþrótt- og tómsundafélög hafa endurnýjað samstarfssamninga fyrir tímabilið 2025 til 2027.

Samningarnir byggjast á fyrri samningum, áherslum íþrótt- og tómsundanevndar og samtölum starfsmanna menningar-, íþrótt- og lýðheilsuviðs við forystu félaganna.

Sérstök áhersla er nú lögð á að stuðla að auknu framboði íþrótt- og tómsunda fyrir börn með sértækar þarfir og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Um er að ræða eftirfarandi félög:

- Hestamannafélagið Hörð
- Björgunarsveitina Kyndil
- Ungmennafélagið Aftureldingu
- Skátafélagið Mosverja
- Motocrossfélag Mosfellsbæjar
- Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar

Auk ofangreindra félaga er í gildi samstarfssamningur við Golfklúbb Mosfellsbæjar sem gildir út árið 2027.

Að lokinni undirritun samninganna var haldin vinnustofa þar sem ofangreind félög auk Golfklúbbs Mosfellsbæjar hófu undirbúning þess að koma á laggirnar samstarfsvettvangi íþrótt- og tómsundafélaga í Mosfellsbæ.



Frá vinstri: Björk Erlingsdóttir, MotoMos; Helgi Kjartansson, Kyndil; Ísak Árni Eiríksson Hjartar, Mosverjum; Reggíe; Jón Geir Sigurbjörns-son, Herði; Ásgeir Jónsson, UMFA og Bjarni Páll Pálsson, KraftMos.

Efla samstarf á milli félaganna

Undirritun samninganna fór fram í Íþróttamiðstöðinni Kletti fimmtudaginn 27. febrúar og fór vinnufundurinn vegna mótunar samstarfsvettvangs íþrótt- og tómsundafélaga fram strax í kjölfar undirritunarinnar. Megintilgangur þess vettvangs verður að styðja við og efla samstarf milli

félaganna og styrkja þannig tómsunda- og íþróttastarf í Mosfellsbæ.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri þakkaði öllum sem komu að samningagerðinni fyrir sitt framlag og félögum fyrir frábært starf í þágu barna og ungmenna í Mosfellsbæ. Hún lýsti jafnframt yfir mikilli ánægju með vinnu við mótun samstarfsvettvangsins.

„Þið vinnið frábært starf alla daga, ég veit það, en ég er sannfærð um að þið eigið eftir að vinna enn öflugra starf saman.“

Margt áhugavert var rætt á fundinum, meðal annars hvernig félögin gætu unnið saman að kynningarmálum og hvernig þau gætu saman hjálpað börnum og unglingum að finna íþróttir og tómsundir við sitt hæfi.



JEPPAMENNING



JÓNAS ÞÓRIR, DIDDÚ OG ÖRN ÁRNA



STÖLLUR

Vilja efla menningarstarf í Mosfellsbæ • Fjöldi viðburða á dagskrá • Haldið í þriðja sinn

Menning í mars fram undan

Menning í mars hefur það að markmiði að efla menningarstarf í bænum, gera það sýnilegra og styðja þau sem að því standa við að kynna sig.

Marsmánuður hófst heldur betur á menningarlegum nótum á opnu húsi Listasala Mosfellsbæjar þann 1. mars þegar allar deildir skólans kynntu sitt blómlega starf.

Fjöldi viðburða á dagskrá

Meðal annarra menningarviðburða í mars er Hlégarðsbíó sunnudagskvöldið 9. mars þar sem sýnd verður Stella í Orlofi.

Leikfélag Mosfellsuveitar sýnir söngleikinn Galdrakarlinn í Oz á sunnudögum.

Fimmtudagskvöldið 13. mars mætir Stormsveitin í Hlégarði með söng og sögur í farteskinu.

Boðið verður upp á módelteikningu í Listasal Mosfellsbæjar 13. mars milli kl. 19 og 21.

Jeppaáhugafólk ætlar að hittast í Varmaal laugardaginn 15. mars.

Í Listasal Mosfellsbæjar stendur sýning Telmu Har, Vá! Kona!? yfir til 15. mars.

20. mars heimsækir Dagný Hermannsdóttir textilkennari Bókasafn Mosfellsbæjar og segir frá vettlingahefðum Letta.

Þann 22. mars opnar samsýning Elísabetar Stefánsdóttur, Fríðu Gauksdóttur og bæjarlistamannsins Þóru Sigurbjörnsdóttur í Listasal Mosfellsbæjar. Sama dag býður kvennakórinn Stöllur upp á sannkallaða menningarveislu kvenna í Bókasafni Mosfellsbæjar.

Diddú, Örn Árnason og Jónas Þórir bjóða upp á skemmtiferð í tali og tónum í Hlégarði sunnudaginn 23. mars.

Sögukvöld, sem heldur betur hefur slegið í gegn, verður haldið í Hlégarði með yfirskriftinni Álafossull er á við gull.

Enn hægt að taka þátt

Fleiri viðburðir undir hatti Menningar í mars verða kynntir á viðburðadagatali Mosfellsbæjar og á samfélagsmiðlum bæjarins. Þau sem hafa áhuga á að bjóða upp á



SÖGUKVÖLD

menningarviðburð í mars eru hvött að skrá viðburðinn á mos.is/menningimars.

Mosfellingar eru hvattir bæði til að bjóða upp á menningarviðburði í mars og einnig til að mæta vel á viðburðina og njóta þeirrar menningar sem blómstrar í bænum.



Sumarstörf í Mosfellsbæ



Mosfellsbær auglýsir sumarstörf fyrir ungt fólk Opnað hefur verið fyrir umsóknir.

- **Flokksstjóri í Vinnuskóla Mosfellsbæjar**
(lágmarksaldur 20 ára á árinu)
- **Almenn sumarstörf fyrir ungt fólk / með stuðning**
(16-20 ára)
- **Flokksstjóri í garðyrkjudeild**
(lágmarksaldur 20 ára árinu)
- **Almenn störf í garðyrkjudeild**
(lágmarksaldur 17 ára á árinu)
- **Þjónustustörf og sundlaugargæsla íþróttamiðstöðvum**
(lágmarksaldur 18 ára á árinu)

- **Aðstoð við fötluð börn og ungmenni**
(lágmarksaldur 18 ára á árinu)

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur um öll störf er til og með 20. mars 2025

Vinsamlegast athugið að ekki verður tekið við umsóknum sem að berast eftir þann tíma.

Nánari upplýsingar um störf, starfsheiti, starfssvið, hæfniskröfur, laun og vinnutímabil er að finna á heimasíðunni [mos.is/sumarstorf](https://www.mos.is/sumarstorf)



STEINDÓR OG JÓGVAN



ÁSGEIR, ÞORSTEINN, INGÓLFUR OG SIGSTEINN



KRISTINN OG ÞENGILL

Sjávarréttahlaðborð í Hlégarði • Lionsklúbburinn 60 ára á árinu

HERRAKVÖLD LIONS

Árlegt Herrakvöld Lionsklúbbs Mosfellsbæjar fór fram föstudaginn 7. febrúar í Hlégarði, á 60 ára afmælisári klúbbsins.

Jón Bjarni formaður klúbbsins, setti hátíðina og veitti Jógvan Hansen Tappaorðuna, sem er forlata „kristals“tappi í haganlega gerðri keðju en sú hefð hefur verið við lýði um langt árabíl að hengja orðuna um háls veislustjóra herrakvöldsins hverju sinni.

Boðið var upp á stórglæsilegt sjávarréttahlað-

borð, frá Vigni og hans fólki hjá Veislugarði.

Magnús Sigsteinnsson flutti skemmtilegt ágríp af sögu klúbbsins, frá ýmsum fjáröflunum og verkefnum í gegnum tíðina.

Málverkauppboðið var á sínum stað en því stýrðu af fagmennsku þeir Jógvan Hansen „Yfir-TAPPI“ og Hilmar Gunnarsson Mosfellingur.

Fjáröflunin á herrakvöldinu er hryggjarstykkið í starfi klúbbsins, sem gerir honum mögulegt að halda áfram að leggja góðum málum lið.



ÞORBJÖRN, ELÍAS OG HARALDUR



HERRARNIR FJÖLMENNTU Í HLÉGARÐI



GUNNAR OG INGI TÓKU Á MÓTI GESTUM



ÖRVAR OG PÉTUR



HRAFN OG EYJÓLFUR VORU HRESSIR



MAGNÚS, SINDRI FREYR OG ÞÓRARINN

Myndir/Hilmar

Aðalfundur

Samfylkingin í Mosfellsbæ - Þverholti 3
Fimmtudaginn 13. mars kl. 19:30



Skipulagsmál 

Deiliskipulagsmál í kynningu

- Fimm frístundalóðir við Krókatjörn L125210
- Sjö frístundalóðir við Selmerkurveg L213970
- Fjórar frístundalóðir við Selmerkurveg L125205


Hægt er að kynna sér málin á mos.is og rita umsagnir á skipulagsgatt.is

Mosfellsbær www.mos.is

VERÐSKRÁIN FYRIR 2025 ER LENT

ÞETTA ERU VÉLARNAR SEM VERÐA Á LAGER Í SUMAR

HT10



Væntanleg eintök í janúar/febrúar
Þyngd: 1.000 kg
Vél: Eins cylendra Koop loftkældur
Afl: 7,6 kw/3.600 rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, glussastýrður þumall og 40 cm tennt skófla
Verð: 1.590.000.- án vsk

HT16



Væntanleg eintök í apríl
Þyngd: 1.600 kg
Vél: Tveggja cylendra Koop loftkældur með forhitara
Afl: 16,5 kw/3.600 rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40 cm tennt skófla og glussastýrður þumall
Verð: 1.990.000.- án vsk

HT20



Væntanleg eintök í apríl
Þyngd: 2.000 kg
Vél: Kubota D902
Afl: 20,4 hp/3.600 rpm
Eldsneyti: Dísel
Búnaður: Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40 cm skófla, glussastýrður þumall, hitari í húsi
Verð: 2.690.000.- án vsk

**YFIR 50 TÆKI SELD
Á SÍÐUSTU 12 MÁNUÐUM**



Verðum með allar stærðir af skóflum á lager ásamt öðrum aukahlutum.

Fyrir sérpantanir hafið samband við sölumann: arnar@ljardalur.is

**100.000 KR. AFSLÁTTUR FYRIR ÞÁ
SEM FORPANTA FYRIR 15. MARS**

EINUNGIS 30% STAÐFESTINGARGJALD



LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS



Listasalur Mosfellsbæjar

Sýningin VÁ! Kona?!



Sýningin VÁ! Kona?! eftir Telmu Har stendur nú yfir í Listasal Mosfellsbæjar.

Sýningin samanstendur af ljósmyndum og er viðfangsefnið vanga- veltur um konur og birtingarmynd þeirra í þjóðsögum.

Titill sýningarinnar er leikur að orðinu Vá sem við notum í daglegu tali til að tjá hrifningu okkar á einhverju en raunveruleg merking þess er hætta, ógn eða eitthvað vont. Vá! Kona?! er bein skírskotun í þá ógn sem talað er um í þjóðsögnum.

Telma Har (f.1985) stundaði nám við Ljósmynda-skóla Reykjavíkur. Verkin hennar hafa verið sýnd víða á Íslandi og erlendis.



Sögunstund

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Miðvikudaginn 12. mars kl. 16:45



Í sögunstund marsmánaðar ætlum við að lesa saman verðlaunabókina „Kva es þak?“ eftir Carson Ellis.

Dag einn tekur eitthvað að vaxa upp úr jörðinni og nokkur forvitin skordýr fíkra sig nær til að kanna málið. Bókin er skrifuð á skordýramáli og þurfum við því að hjálpast að við að lesa í bæði texta og myndir til að sjá hvað er að gerast.

Sverrir Norland þýddi bókina yfir á íslenskt skordýramál.



Módelteikning

í Listasal Mosfellsbæjar

Pátttakendur koma með áhöld og efni til að teikna/mála á. Borð og stólar á staðnum.

Hvenær: 13. mars kl. 19-21
Hvað kostar: 2.000 kr (takmarkað sætaframboð)

Engin fyrri reynsla þörf
- bara koma með áhugann og áhöld!

skráning í gegnum: sumar.vala.is

Listasalur Mosfellsbæjar



Bókasafn Mosfellsbæjar

Lettneskt vettlingaprjón

fimmtudaginn 20. mars kl. 16:30

Dagný Hermansdóttir textilkennari segir frá vettlingahefðum Letta og kemur með allnokkur vettlingapör sem hægt er að skoða og handfjatla.

Í Lettlandi sköpuðust einstakar hefðir í vettlingaprjóni og var mikið lagt í að hanna og prjóna einstaka vettlinga, munstrin voru fjölbreytt og mismunandi hefðir sköpuðust milli héraða. Í Lettlandi hafa varðveist mörg og fjölbreytt vettlingamunstur og enn í dag eru vettlingar mikils metnir þar í landi.

Heitt á könnunni og öll velkomin!

Mosfellsbær

MINECRAFT: GRUNNUR OG LESTUR FYRIR 7-10 ÁRA

8. MARS KL. 12:30-15:30

í BÓKASAFNI MOSFELLSBÆJAR

Skema verður með smíðju í bókasafninu þar sem þátttakendur ná tökum á grunninum í Minecraft og æfa lestur í leiðinni!

Við tökum fyrstu skrefin í Minecraft saman og nýtum til þess nokkur stutt og einföld verkefni. Lestraræfingar eru hluti af hverju verkefni en nemendur lesa stutta og skemmtilega texta um það sem þeir eru að fara að takast á við. Nemendur nýta svo þær upplýsingar sem þeir lásu til að leysa verkefnið. Þegar smíðjunni lýkur fá þátttakendur Minecraft-lestrarbók Skema með sér heim.

Aldursviðmið: 7-10 ára.

Skráning: sumar.vala.is





Menning í mars

Fjölbreytt menningarveisla í Mosó

● Sunnudagar

Leikfélag Mosfellssveitar sýnir söngleikinn Galdrakarlinn í Oz á sunnudögum í bæjarleikhúsinu. Miðasala á Tix.is.

● 9. mars

20:00 | Hlégarðsbíó – Stella í orlofi. Frítt inn.

● 13. mars

19:00-21:00 | Módelteikning í Listasal Mosfellsbæjar. Skráning á sumar.vala.is.

20:30 | Stormsveitin í Hlégarði. Miðasala á Tix.is og við inngang.

● 15. mars

10:00-17:00 | Jeppamenning í Mosó. Skemman Varmadal.

● 20. mars

16:30 | Lettneskt vettlingaprjón í Bókasafni Mosfellsbæjar.

● 22. mars

14:00 | Opnun samsýningar Elísabetar Stefánsdóttur, Fríðu Gauksdóttur og bæjarlistamannsins Þóru Sigurþórsdóttur í Listasal Mosfellsbæjar.





14:00-16:00 | Kvennakórinn Stöllur býður til menningarveislu kvenna í Bókasafni Mosfellsbæjar.

● 23. mars

20:00 | Léttir sprettir í Hlégarði. Sigrún Hjalmtýsdóttir, Diddú, Örn Árnason og Jónas Þórir píanóleikari leiða hesta sína. Miðasala á Tix.is.

● 27. mars

19:00 | Sögukvöld í Hlégarði – Álafossull er á við gull.



Fleiri viðburðir undir hatti Menningar í mars verða kynntir á viðburðadagatali Mosfellsbæjar og á samfélagsmiðlum bæjarins. Þau sem vilja bjóða upp á menningarviðburð í mars eru hvött til að skrá hann á mos.is/menningimars. Við hvetjum bæjarbúa og nágretta okkar að koma og njóta menningarinnar sem blómstrar í bænum þennan mánuð.



Kona um konu frá konu til konu

Laugardaginn 22. mars kl. 14-16
í Bókasafni Mosfellsbæjar

Kvennakórinn Stöllur heldur sannkallaða menningarveislu
í Bókasafni Mosfellsbæjar, sem hluta af Menningu í mars.

Árið 2025 er ár konunnar og ætla Stöllur að fagna því sérstaklega
með því að halda þennan viðburð sem er tileinkaður konum.

Kvennakórinn Stöllur státar af listrænum meðlimum og munu þær allar
leggja fram krafta sína á fjölbreyttan hátt. Viðburðurinn mun innihalda
söng, myndlist, blómaskreytingar, smásagna- og ljóðalestur, þar sem
allar konurnar munu nýta sína sérhæfingu og sköpunarkraft til að veita
áheyrendum ógleymanlega upplifun.

Meðal þeirra sem koma fram á viðburðinum eru Hafdís Huld
Prastardóttir, Textíl Barinn, Ásbjörg Jónsdóttir og fleiri.

Atturælding kynnis
HERRAKVÖLD
15. MARS

ÍPRÓTTAHÚSÍÐ AD VARMÁ

JÖKULL Í KALEO
JÚNÍUS MEYVANT - STEINDI JR
UPPBOÐ MEÐ HIMMA GUNN
VEISLUMATUR FRÁ GEIRA Í
KJÖTBÚÐINNI

Listasalur Mosfellsbæjar



OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Listasalur Mosfellsbæjar hefur
opnað fyrir umsóknir fyrir
sýningarárið 2026. Sótt er um
rafrænt á íbúagátt Mosfellsbæjar
ibuagatt.mos.is, undir umsóknir.


Umsóknarfrestur er til og með
6. apríl 2025

www.ibuagatt.mos.is



BESTA FUGMYND DAGSINS

DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 | MOSFELLSBÆ





Æskulýðsmessa í Lágafellskirkju

Það var heldur betur stuð í Lágafellskirkju síðasta sunnudag á æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar.

Stundin var í umsjón Sr. Hennings Emils Magnússonar, Andreu Grétu Axelsdóttur og Thelmu Rósar Arnardóttur nýráðsins æskulýðsfulltrúa sóknarinnar.

Stundin hófst í Lágafellskirkju þar sem Barnakór Lágafellssóknar söng undir

stjórn Valgerðar Jónsdóttur, kórstjóra. Eftir athöfnina í kirkjunni var haldið í safnaðarheimilið þar sem hægt var að taka þátt í ratleik, grímugerð og armbandagerð. Þá var hægt að búa til Origami, fingramála og lita steina.

Í lok stundarinnar voru seldar vöflur til styrktar steinhúsagerð fyrir munaðarlaus börn í Úganda.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ÖLL ALMENN JARÐVINNA

- Hellulagnir •
- Þökulagnir •
- Vélarvinna •
- Malbik- og steinsögun •
- Snjóbræðslulagnir •
- Grjót/steinhleðslur •
- Drenlagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



☎ 781 7777

husrad@husradverktakar.is

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: www.mos.is/storf



Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700

ALLT
FASTEIGNASALA

Sérstniðin þjónusta til byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505

Leikfélag Mosfellssveitar kynnir:

GALDRA



KARLINN

ÍÓZ

Frumskýnt í
mars 2025

Sýningar alla
sunnudaga

Miðasala á tix.is

Ákall á samfélagsmiðlum • Gerandinn gaf sig fram

Aftureldingarrútan eyðilögð í skjóli nætur

Ófögur sjón blasti við bílstjóra Aftureldingarrúttunnar, leikmönnum, þjálfurum og stjórn meistaraflokks karla í knattspyrnu þegar menn hittust að Varmá eldsnemma sunnudagsmorguninn 23. febrúar.

Ferðinni hafði verið heitið á rúttunni á Keflavíkurlugvöllum þar sem til stóð að halda til Kanarí í æfingaferð. Tvær rúður brotnar og rútan óökuhæf.

Vinir og ættingjar voru því ræstir út til að skutla hópnum til Keflavíkur á einkabílum þar sem við tók bið til næsta dags því fluginu var aflyst. Til að gera gott úr öllu æfði liðið í Reykjaneshöll og hélt degi síðar en áætlað var til Kanarí í vel heppnaða æfingaferð.

Samfélagið stendur saman

Á sama tíma leituðu sjálfboðaliðar leiða til að koma rúttunni í skjól enda að skella á slagveður. Í stuttu máli er óhætt að segja að viðbrögð við ákalli á samfélagsmiðlum hafi sýnt og sannað að samfélagið stendur saman þegar eitthvað bjatar á. Boðum um að hýsa rúttuna og boðum um aðstoð við að útvega nýjar rúður hreinlega rigndi inn, fyrir það eru sjálfboðaliðar í knattspyrnu-deild þakklátir.

Á næstu dögum fundu velviljaðir aðilar framrúðu erlendis sem er á leið til landsins



AÐKOMAN AÐ RÚTTUNNI

MARGT SMÁTT...

» Sjálfboðaliði kastaði fram þeirri hugmynd að allir sem hafa á einhverjum tímupunkti fengið far með Einari og rúttunni hans leggi 5.000 kr í púkkið og leggi þar með sitt af mörkum til þess að rútan fái endurnýjun lífdaga og geti skutlað fleiri íþróttaliðum og hópnum á áfangastað komandi framtíð. Elding velunnarafélag: Kt: 570894-2509 - Rnr: 0549-26-000447

á næstu dögum, aðrir vilviljaðir aðilar settu allt í gang að undirbúa framleiðslu á hliðarrúðu hérlendis.

Bakhjarlar rúturekstursins vilja koma á framfæri innilegum þökkum til allra sem buðu fram aðstoð og komu úrbótum á rúttunni eftir þessar hrakfarir í góðan farveg.

Gerandinn gaf sig svo fram örfáum dögum eftir atburðinn, baðst afsökunar og iðrast gjörða sinna.



GRÍMUTÖLT HARÐAR

Annað vetrarmót Harðar var haldið í reiðhöllinni laugardaginn 15. febrúar. Búningar keppenda voru skrautlegir að vanda og skemmtunin í fyrirrúmi hjá ungum sem öldnum.



Afturelding kynnir
HERRAKVÖLD
15. MARS
ÍÞRÓTTAÚSÍÐ AÐ VARMÁ
JÖKULL Í KALEO
JÚNÍUS MEYVANT - STEINDI JR
UPPBOD MED HIMMA GUNN
VEISLUMATUR FRÁ GEIRA Í KJÖTBÚÐINI



Íslenskar værdarvoðir
og púðaver frá Ístex



DÚOS

HÁDEGISTILBOÐ
LOKA OG GOS
AÐ EIGIN VALI **1.990**

Gildir frá kl. 10-14



ÚUGATA Í MOSFELLSBÆ

Opið fyrir umsóknir vegna nýrra leiguíbúða

Bjarg íbúðafélag hefur opnað fyrir umsóknir vegna nýrra leiguíbúða við Úgötu 10 og 12 í Mosfellsbæ.

Umsóknir og nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.bjargibudafelag.is



BJARG
ÍBÚÐAFÉLAG




Vorið kemur, vertu viss!

Fram undan er náttúrulegur tími framkvæmdaglegi og fegrunar við heimilin okkar, hús og lóðir í bænum. Þá er mikilvægt að athuga fyrirfram hvort framkvæmdirnar séu háðar byggingarleyfi, samþykki sveitarfélagsins, aðkomu nágranna eða þarfnist frekara rýni skipulags. Það gæti nefnilega þurft að skila inn hönnunargögnum, láta deiliskipuleggja lóð eða fara með áætlanir og framkvæmdir í grenndarkynningu.

Þetta getur átt við um smáhýsi, viðbyggingar, skúra, bílastæði, sorpgeymslur, girðingar, skjólveggi, palla, gróður eða frágang á lóðum og lóðarmörkum við bæjarland eða nágrennalóðir.

Kynntu þér málið á mos.is/framkvæmdir eða hafðu samband á bygg@mos.is



Guðleif Birna Leifsdóttir tengiráðgjafi hjá Mosfellsbæ heldur utan um verkefnið Gott að eldast

Hef væntingar um að þetta muni skila sér

Þann 10. maí 2023 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023-2027, sem gengur undir nafninu Gott að eldast. Markmið verkefnisins er m.a. að finna góðar lausnir til að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu og stórbæta aðgang að ráðgjöf og upplýsingum.

Guðleif Birna Leifsdóttir félags- og tengiráðgjafi heldur utan verkefnið fyrir hönd bæjarins. Hún segir að lögð verði sérstök áhersla á virkni og vellíðan eldra fólks til þess að draga úr áhættu á félagslegri einangrun og einmanaleika.

Guðleif Birna er fædd á Sauðárkróki 22. febrúar 1974. Foreldrar hennar eru Kristín Bára Ólafsdóttir og Leifur Hreinn Þórarinnsson bændur í Keldudal í Skagafirði. Leifur lést árið 2006.

Systkini Guðleifar eru Ólöf Elfa f. 1960 d. 2019, Stefanía Hjördís f. 1965, Þórarinn f. 1966, Kristbjörg f. 1969 og Álfhildur f. 1977.

Þessi blanda hafði móttandi áhrif

„Ég er alin upp í Keldudal í Skagafirði, á æskuheimili mínu var ansi mannmargt því auk okkar systkinanna tóku foreldrar mínir að sér fósturbörn í mörg ár. Maður ólst upp við hefðbundin sveitastörf en hjá okkur var blandað bú, hestar, kýr og kindur. Foreldrar mínir voru afburða bændur og ræktun þeirra bæði í hrossarækt og sauðfjárrækt landskunn.

Æskuárin í Skagafirði voru hamingjurík, það var alltaf mikið um að vera og mikill gestagangur en alltaf tími fyrir okkur börnin. Foreldrar mínir lögðu áherslu á seiglu, metnað og sjálfstæði, í bland við mikinn kærleika og hlýju, þessi blanda hefur haft móttandi áhrif á mig.

Skagafjörðurin er einstakur og bjarta vornóttin þar er engu lík.“

Skólagangan farsæl í alla staði

„Fyrstu sjö árin í grunnskóla var ég í litlum sveitaskóla í Hegranesi en lauk svo grunnskóla frá Gagnfræðaskóla Sauðárkróks. Það voru töluverð viðbrigði að komast úr litlum skóla þar sem við vorum þrjú yfir í það að verða 60 manna árgangur. Skólagangan var farsæl í alla staði og ég eignaðist stóran vinahóp og sú vinátta hefur haldist óslitin síðan.

Á sumrin tók ég þátt í búskapnum heima og aðstoðaði við uppeldi fósturbarnanna, þessi góði grunnur hefur fylgt mér og hefur eflaust haft áhrif á starfsval mitt til framtíðar.

Þegar unglingsárin færðust yfir þá tóku við nokkur ár af sveitaballastemningu. Við vinkonurnar létum ekki bóllin hjá Sálinni, SSSól eða Stjórninni fram hjá okkur fara. Þetta voru sannarlega skemmtilegir tímar segir Guðleif og brosir.



Fjölskyldan: Kristín María, Leifur Ingi, Guðleif, Dagur og Eysteinn.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is

Kom heim reynslunni ríkari

Guðleif lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskóla Norðurlands vestra 1994. Hún tók sér hlé frá námi þegar hún var 18 ára og fór þá í heimsreisnu. Hún byrjaði hjá Hjördísi systur sinni sem þá var stödd í Guatemala. Þær ferðuðust um Mið- og Suður-Ameríku í fimm mánuði. Guðleif segir að þetta hafi verið algjört ævintýri og að hún hafi komið heim reynslunni ríkari.

„Eftir stúdentspróf fór ég með Eysteini Leifssyni kærastanum mínum til Þýskalands, þar vorum við í nokkra mánuði og störfuðum við hestamennsku. Þegar við komum aftur heim þá settumst við að í Reykjavík og ég hóf nám við Háskóla Íslands í félagsráðgjöf. Við fluttum svo í Mosfellsbæ árið 1998.“

Ógleymanleg veisla af skagfirskum sið

„Ég kynntist Eysteini þegar hann kom í Skagafjörðinn til að nema búfræði og hestamennsku á Hólum í Hjaltadal 1993. Hann flutti 15 ára í Mosfellsbæ frá Stykkishólmi með foreldrum sínum. Hann hefur alla tíð starfað við hestamennsku. Við eigum þrjú börn, Leif Inga f. 1999, Dag f. 2003 og Kristínu Maríu f. 2007. Við giftum okkur 1998, í þreföldu systrabréðkaupi. Þetta var ógleymanleg veisla að skagfirskum sið, með söng Álftagerðisbræðra og skagfisksri sveiflu fram eftir nóttu.

Það hefur verið frábært að ala upp börnin hér í Mosfellsbæ,

þau hafa haft góða kennara, verið í íþróttum hjá Aftureldingu og hafa öll starfað hér í bænum. Við fjölskyldan njótum þess að vera saman og höfum lagt mikið upp úr því að ferðast. Við hjónin komum bæði úr stórum systkinahópum og samvera og ferðalög stórfjölskyldunnar er í algjöru uppáhaldi.

» Foreldrar mínir lögðu áherslu á seiglu, metnað og sjálfstæði í bland við mikinn kærleika og hlýju, þessi blanda hefur haft móttandi áhrif á mig.

Áhugamál okkar tengist hestamennsku og nú síðustu ár að rækta hross. Ég hef sennilega fengið þessa ræktunardellu frá foreldrum mínum,“ segir Guðleif með brosi á vör.

„Ég elska líka að vinna í garðinum mínum og stefnan er að fá sér gróðurhús og svo hef ég frá því ég man eftir mér verið með veiðidellu.“

Þakklát fyrir reynsluna

Meðfram námi í Háskóla Íslands var Guðleif aðstoðarmaður kennara í félagsráðgjöf og svo leysti hún félagsmálastjóra í Skagafirði af um tíma. Eftir að hún lauk námi þá hóf hún störf hjá Reykjavíkurborg, á þjónustumiðstöð í Grafarvogi. Byrjaði í barnavernd en færði sig svo yfir í öldrunarmálin.

„Ég skipti svo um kúrs og starfaði í rúm 12 ár sem ráðgjafi í starfsendurhæfingu hjá VIRK og sinnti þar háskólamenntuðum einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu sem voru í endurhæfingu. Á báðum þessum

HIN HLIÐIN

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Í nærandi skemmtilegu starfi og gott jafnvægi milli vinnu og áhugamála og fara í ferðalög um heiminn með mínu besta fólki.

Hvaða lag kemur þér alltaf í gírinn? Undir bláhimni.

Besta ráð sem þú hefur nýtt þér? Við erum með einn munn og tvö eyru, hlustaðu því meira en þú talar.

Hvaða hlutur er þér kærastur? Dásamlega handverkið sem ég á eftir Ólöfu systur sem lést 2019.

Syngur þú í sturtu? Nei

Uppáhaldsverslun? Skagfirðingabúð.

Hvað hefur haft mest áhrif á líf þitt? Kærleiksríkt uppeldi í skagfirskri sveit og allt það góða fólk sem er og hefur verið í kringum mig.

Draumaborgin? Antigua í Guatemala, þar sem ég bjó um skamman tíma þegar ég var 18 ára.



ÞREFALT SYSTRABRÚDKAUP



2 ÁRA Í KELDUDAL



HJÓNIN Á LÖNGUFJÖRUM

vinnustöðum átti ég frábæra tíma og farsælt starf og ég er þakklát fyrir reynsluna og fyrir allt það fólk sem ég hef unnið með í gegnum árin.“

Gott að eldast

„Þegar mér bauðst starf hjá Mosfellsbæ við að halda utan um verkefnið Gott að eldast þá ákvað ég að slá til og sé alls ekki eftir því en ég hóf störf í mars 2024. Þetta er nýtt starf í mótun sem samþykkt var af Alþingi með tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023-2027. Mosfellsbær ásamt Kjalarnesi og Kjós sem eitt svæði var valið í verkefnið.

Markmið verkefnisins er m.a. að finna góðar leiðir til að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu og flétta vandlega saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og sveitarfélögin hins vegar. Áherslan er að stuðla að heilbrigðri öldrun og bættu aðgengi að ráðgjöf og upplýsingum fyrir eldra fólk. Einnig verður unnið gegn einmanaleika og félagslegri einangrun og farið í að finna leiðir til að auka virkni og vellíðan íbúa.“

Starfið er fjölbreytt og gefandi

Guðleif er staðsett á velferðarsviði Mosfellsbæjar, hún býður upp á ráðgjafaviðtöl þar og í Brúarlandi og eins kemur hún í heimahús sé þess óskað. Allar upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu Mosfellsbæjar, mos.is

„Það hefur verið einstaklega skemmtilegt að koma að þessu nýja verkefni, starfið er bæði fjölbreytt og gefandi. Ég hef miklar væntingar til þess að það muni skila sér í bættari þjónustu fyrir eldra fólk þannig að það geti notið efri árána eftir vilja og getu.

Það er og verður sannarlega gott að eldast í Mosfellsbæ,“ segir Guðleif Birna og brosir er við kveðjumst.

LÉTTIR SPRETTIR

SUNNUDAGINN 23. MARS Í HLÉGARÐI

Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, Örn Árnason og Jónas Þórir píanóleikari hafa öll unnið saman í langan tíma og nú leiða þau saman hesta sína í stórskemmtilegri dagskrá sem heitir Léttir sprettir en þar skreppa þau með gesti sína í skemmtiferð í tali og tónum. Tveir tímar af gleði og gáska.

Léttir sprettir í Hlégarði sunnudagskvöldið 23. mars kl. 20:00. Miðasala á Tix.is og við inngang.



Grunnskólar Mosfellsbæjar



Innritun skólaárið 2025-2026

Innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar fyrir skólaárið 2025-2026 fer fram á Mínum síðum Mosfellsbæjar. Innritun 6 ára barna sem hefja grunnskólagöngu haustið 2025 fer fram frá 1. mars til 21. mars.

Innritun skólaskyldra barna sem flytjast til Mosfellsbæjar skal vera lokið 1. apríl.

Umsóknir barna með lögheimili í Mosfellsbæ, sem óska eftir að sækja grunnskóla í öðrum sveitarfélögum utan lögheimilis, skulu berast fyrir 1. apríl inn á Mínum síðum.

Mikilvægt er að umsækjendur kynni sér reglur um skólavist utan lögheimilis á vef Mosfellsbæjar.

Nánari upplýsingar og aðstoð veita skrifstofur grunnskólana.

Skráning í vetrarfrístund og mótuneyti vegna skólaársins 2025-2026 fer fram síðar í vor.

Mosfellsbær

Þverholti 2

525-6700

www.mos.is

Spennandi bikarhelgi fram undan • Kjörisbikarinn 2025 í húfi • Bæði lið Aftureldingar leika gegn KA í undanúrslitum

Bæði karla- og kvennalið Aftureldingar í undanúrslitum bikarkeppninnar í ár

Blakdeild Aftureldingar er með bæði karla- og kvennalið í FINAL4 bikarkeppni Blak-sambands Íslands sem haldin er í Digranesi í Kópavogi 6.-8. mars.

Strákarnir hefja leik í kvöld, fimmtudag og spila kl. 19:30 gegn KA. Stelpurnar spila á morgun, föstudag, kl. 17:00 og einnig á mót KA. Það er ljóst að báðir þessir leikir verða ótrúlega erfiðir og er allt Aftureldingarfólk hvatt til að mæta í rauðu í Digranesið og hvetja liðin okkar áfram.

Úrslitaleikirnir fara fram á sunnudaginn
Miðasala er á Stubb.is appinu og rennur aðgangseyrir á undanúrslitaleikjunum til félaganna ef merkt er við félagið.

Úrslitaleikirnir fara svo fram á laugardaginn, karla-leikurinn er kl. 13:00 og kvennaleikurinn er kl. 15:30. Þangað stefna bæði Aftureldingarliðin að sjálfsögðu.

Síðast komust bæði karla- og kvennaliðið í FINAL4 helgina árið 2017.



STRÁKARNIR FAGNA STIGI AÐ VARMÁ



MARKI FAGNAÐ GEGN ÞÓR

Mánuður í fyrsta leik meistaraflokks karla í Bestu deild

Stórir sigrar í Lengjubikarnum í vetur

Lið Aftureldingar í meistaraflokki karla í fótbolta hefur verið í stuði í A-deild Lengjubikarsins í vetur.

Afturelding vann Þór örugglega 4-0 á Malbikstöðinni að Varmá og sigraði síðan FH 6-3 á útivelli eftir að hafa komist 6-0 yfir í leiknum. Afturelding tapaði þriðja leiknum gegn ÍR 3-1 en er þrátt fyrir það á toppi riðilsins fyrir lokaumferðina.

Afturelding mætir HK á Malbikstöðinni að Varmá klukkan 17:00 á sunnudaginn

og getur með sigri þar tryggt sér sæti í undanúrslitum í A-deild Lengjubikarsins í fyrsta skipti í sögu félagsins.

Lið Aftureldingar er nýkomið heim úr vel heppnaðri æfingaferð á Kanarí þar sem æft var við toppaðstæður í eina viku.

Besta deildin hefst 5. apríl þegar Afturelding heimsækir Íslandsmeistara Breiðabliks í opunarleik tímabilsins í Kópavogi.



ÆFINGIN SKAPAR MEISTARANN

Stærst á Íslandi í hópfimleikum yngri flokka • 100 keppendur á síðasta móti

Afturelding stærsti klúbburinn

Fimleikadeild Aftureldingar hefur ástæðu til að fagna eftir frábæra frammistöðu á GK móti yngri flokka, þar sem deildin skráði langflesta iðkendur á mótið.

Með 100 keppendum var Afturelding með ríflega 15% af heildarfjölda mótsins sem var 661 keppandi skipt upp í 13 félag. Þetta er ótrúlegt afrek og sýnir sterka þátttöku félagsins í fimleikum.

Í ár var Gerpla næst stærsta félagið með 68 keppendur svo deild Aftureldingar er stolt af því að hafa verið með 32% fleiri keppendur skráða en Gerpla sem veitir Aftureldingu þá viðurkenningu að vera stærsti klúbburinn á Íslandi í hópfimleikum yngri flokka.

Samfélagið vinnur vel saman

„Við viljum einnig þakka öllum iðkendum, þjálfurum, foreldrum og stuðningsmönnum okkar fyrir ómetanlegt framlag þeirra. Þetta sýnir að þegar við stöndum saman, þá er ekkert sem við getum ekki náð. Það er alltaf fallett að sjá samfélagið í kringum börnin okkar vinna vel saman.

Við sjáum fram á spennandi tíma hjá fimleikadeild Afturelding-



ar og hlökkum til þess að halda áfram að byggja á þessum frábæra árangri.“

Afturelding - Sterkari saman!

**AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR**



JAKO
SPORT ÍSLANDI

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR




SÓLDÍS OG LÓA



ÞÓRDÍS OG ELÍN



SUNNA OG FREYDÍS



INGA MARÍA OG SUNNA KAREN Í RAUDU

Vel heppnað badmintonmót að Varmá

Yfir 180 krakkar og unglingar tóku þátt í unglíngamóti Aftureldingar sem haldið var í febrúar í íþróttahúsinu að Varmá.

Afturelding átti glæsilega fulltrúa á mótinu með 29 keppendum, og uppskera þeirra var eftirtektarverð í bæði einliða- og tvíliðaleik.

Í einliðaleik unnu iðkendur Aftureldingar til 12 gullverðlauna og 4 silfurverðlauna, en í tvíliðaleik bættust við 4 gull og 1 silfur.

Sérstaklega stóðu Anna Bryndís, Sunna María, Þórdís Jóna og Lóa sig vel, en allar fóru þær heim með tvöfalt gull.

Sigur í 1. deild kvenna

Á Óskarsmóti KR spiluðu Inga María og Sunna Karen frábæra leiki og tryggðu sér sigur í 1. deild í tvíliðaleik.

Það eru liðin mörg ár síðan Afturelding hefur unnið tvíliðaleik kvenna á fullorðinsmótaröðinni, sem gerir þennan sigur enn sætari. Ótrúlega vel gert hjá þeim öllum, og gaman að sjá að æfingar vetrarins eru greinilega að skila sér.



KJÖRIS BIKARINN FINAL FOUR



6.-8.mars í Digranesi



Takk fyrir stuðninginn



ÁFRAM AFTURELDING!

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Frábær árangur í stærðfræðikeppni

Fimmtudaginn 27. febrúar voru tilkynnt úrslit úr stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanemendur, sem haldin var í Borgarholtsskóla.

Þátttakendur voru frá skólum í Breiðholti, Grafarholti, Grafarvogi, Árbæ og Mosfellsbæ. Alls tók 21 nemandi úr Lágafellsskóla þátt í keppninni og átti Lágafellsskóli samtals 9 nemendur í 10 efstu sætum, þ.e. 5 nemendur í 8. bekk, 1 nemandi í 9. bekk og 3 nemendur í 10. bekk. Nemendur

um er óskað innilega til hamingju með frábæran árangur.

Frá vinstri: Daníel Freyr Hjörvarsson, Stefán Örn Óskarsson, Sigurður Orrí Óskarsson, Vignir Óli Gunnlaugsson Briem, Þórhalla Lóa Pétursdóttir, Embla Sóley Árnadóttir, Sofíe Þórunn Þórðardóttir Araque og Guðný Magnea Ísleifsdóttir. Á myndina vantar Önnu Bryndísi Andrésdóttur.



KRAKKARNIR ÚR LÁGAFELLSSKÓLA



FLOTTUR ÁRANGUR
HJÁ OKKAR FÓLKI

Ótrúlegur kraftur og gleði

Lífshlaupið 2025 er nú afstaðið og vá hvað allir stóðu sig frábærlega! Þetta var sannkallað hreyfiævintýri þar sem keppnisandinn og samheldnin skein í gegn.

Innanbæjarkeppni á milli Gleðisprengranna í World Class og hópsins Heilsa & Hugur í íþróttamiðstöðinni í Varmá var ótrúlega spennandi og veitti báðum hópunum gríðarlega hvatningu.

Það var ekki aðeins skemmtilegt að keppa sín á milli heldur voru hóparnir einnig í harðri samkeppni við aðra hópa á landsvísi og enduðu báðir hóparnir á verðlaunapalli í Lífshlaupinu sjálfu! Það sýnir hversu mikil kraftur og samstaða er í hópunum.

Framúrskarandi árangur

Okkar þátttakendur hreyfðu sig í samtals 2.320 daga eða 213.874 mínútur á 21 degi! Það er stórkostlegt afrek sem sýnir hvað við getum gert þegar við styðjum og hvetjum hvert annað.

Keppnisandi, gleði og samstaða

Það myndaðist ótrúlegur keppnisandi í hópunum og margir sögðust hafa farið út að hreyfa sig bara vegna Lífshlaupsins! Þetta er einmitt kjarninn í þessu

öllu saman að finna gleðina í hreyfingu, skapa góðar venjur og hvetja hvert annað áfram.

Alls tóku 134 þátttakendur þátt í keppninni frá Mosfellsbæ eða um 67 í hvorum hópi. Við þjálfararnir getum ekki annað en verið ótrúlega stoltar af þessu flotta fólki sem við erum að þjálfa!

Hvað tekur við núna?

Lífshlaupið er búið en við viljum ekki missa þennan frábæra kraft! Nú er tilvalið að halda áfram að hreyfa sig saman, hvort sem það er með því að mæta í tíma, fara í göngutúra með félögum eða hreyfa sig eitthvað daglega.

Þeir sem tóku þátt sýndu okkur að aldur er engin fyrirstaða þegar kemur að hreyfingu og það er eitthvað sem við viljum að fleiri fái að upplifa. Þannig að næst þegar þú ert að hugsa um að sleppa æfingu láttu þá þennan flotta hóp veita þér innblástur til þess að hreyfa þig meira.


Takk fyrir ógleymanlegt Lífshlaup 2025 við erum þegar farin að hlakka til næsta árs!

Með hreyfikeðju, Berta & Halla Karen

Anna Kristín

Fermingarmyndatökur
-utandyra eða í stúdíói

LJÓSMYNDUN
www.aksljosmyndun.com



www.aksljosmyndun.com
772-9200
annakscheving@gmail.com

GRÓÐURHÚSIN VINSÆLU
KOMIN Á SINN STAÐ



Bambagróðurhús fyrir Leikskólann Hlíð

Vorið 2024 sóttum við í leikskólanum Hlíð um styrk í Klörusjóð með það að markmiði að fá bambagróðurhús í leikskólann.

Við fengum styrk upp á 350.000 kr., sem var mikilvægt framlag en dugði ekki fyrir heilu bambagróðurhúsi. Til að brúa bilið leituðum við til foreldra leikskólábarnanna og settum af stað söfnun í gegnum Karolina Fund.

Með öflugum stuðningi söfnuðust 160.000 kr., sem var frábær viðbót við verkefnið. Við fengum svo ánægjulegt símtal frá einu foreldri sem starfar hjá Íslenska Gámafélaginu. Í símtalinu kom fram að Íslenska Gámafélagið ætti þrefalt bambagróðurhús sem fyrirtækið vildi gefa leikskólanum.

Við erum afar þakklát fyrir þessa rausnarlegu gjöf, sem gerði okkur kleift að nýta fjármagnið sem safnaðist og styrkinn úr Klörusjóði til kaupa á ýmiss konar búnaði

fyrir gróðurhúsið eins og t.d. mold, fræ, ljós, vökvunarbúnað, hitamæli og ýmislegt fleira sem mun nýtast vel í ræktunarstarfi leikskólans.

Við erum farin að sá fræjum fyrir kryddjurtum eins og t.d. dilli og bráðlega ætlum við að sá fyrir gulrótum, tómötum og gúrku. Gróðurhúsið veitir leikskólábörnunum einstakt tækifæri til að sjá og upplifa hvernig fræ verður að plöntu/afurð.

Við hlökkum til þegar kemur að því að við getum farið að bera á borð okkar eigið grænmeti.

Við þökkum Íslenska Gámafélaginu hjartanlega fyrir rausnarlega gjöf og öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum til þessa frábæra verkefnis. Samvinna og samhugur hafa gert þetta verkefni að veruleika.

Steinunn Bára Ægisdóttir, leikskólastjóri
Kristín Ásta Jónsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Afturelding í 3. sæti í EYBL Lettlandi

Lið 10. flokks Aftureldingar í körfubolta, strákar fæddir 2009, hélt til Lettlands í byrjun febrúar þar sem þeir léku í Evrópu deild yngri félagsliða, EYBL keppninni (European Youth Basketball League).

EYBL keppnin hefur verið haldin árlega síðustu 28 ár og er keppninni skipt upp í norður- og suðurdeild og mismunandi aldurshópa. Í ár eru Valsmenn í U17 keppninni og Afturelding í U16 keppninni.

Að þessu sinni léku Aftureldingarstrákar í Valmiera sem er um 30 þúsund manna borg um tveggja tíma akstur frá Riga og þar er ein af Ólympíumiðstöðvum Lettlands. Þeir héldu út miðvikudaginn 5. febrúar en keppni hófst á fimmtudeginum.

Strákarnir léku í norðurriðlinum gegn fjórum liðum af átta sem eru í riðlinum, Siguldas Sporta skola og SK Ezereze-eme BJSS en það eru lettnesk lið. Síðan léku þeir gegn einu liði frá Ungverjalandi, Zsiros Academy og loks síðasta leik gegn georgísku liði að nafni Ajara Batumi. Strákarnir léku í D-riðli í þessari annarri umferð deildarinnar.

Reynslunni ríkari eftir þátttöku á alþjóðlegu mót

Skemmt er frá því að segja að strákarnir léku vel á mótinu og enduðu í 3. sæti á innbyrðis stigamun með 7 stig líkt og liðin í 1. og 2. sæti.

Þetta var frábær reynsla og fjór fyrir þessa stráka að fá að taka þátt í svona alþjóðlegu mót, sjá og prófa sig gegn erfiðari andstæðingum sem eru stærri, sterkari og hraðari en gengur og gerist heima við.

Í lok móts var síðan Dilanas Sketrys leikmaður Aftureldingar verðlaunaður í fimm manna úrvalslíði mótsins og drengirnir koma heim með bikar og medalíu fyrir 3. sæti keppinnar en fyrst og fremst reynslunni ríkari.

„Það er bara frábært tækifæri fyrir okkar ungu körfuboltadeild að fá að prófa okkur á svona sviði. Þessi hópur er sá hópur í félaginu sem er að ryðja brautina, eru að gera þetta allt í fyrsta skiptið, fyrstu Íslandsmeistarar félagsins, fyrsta skiptið á Scania í fyrra og svo núna þetta verkefni á EYBL,“ segir Sævaldur Bjarnason þjálfara liðsins.

Víkka sjóndeildarhringinn og fá nýja sýn

„Þetta er algjörlega geggjáður hópur að fá að þjálfra, um 20 strákar sem æfa rosalega vel, frábærir foreldrar á bak við



tjöldin sem hvetja og styðja við þessa stráka. Að fá tækifæri til þess að gefa þessum strákum nýja sýn á boltann, víkka sjóndeildarhringinn þeirra, fá reynslu á svona sviði er ómetanlegt fyrir deild eins og okkar sem erum að fóta sig heima og stefna að því að komast á hærri stall.

Þetta er allt saman partur af stærri mynd sem við sjáum fyrir okkur, þar sem markmiðið er að reyna að koma Aftureldingu hærra og lengra með öflugum yngri flokka starfi og meistaraflokk sem við störtuðum einmitt á þessu tímabili. Þessir strákar munu svo koma inn í það starf í réttum og rökréttum skrefum og því er þetta afskaplega mikilvægt fyrir þá og okkur sem deild að bjóða upp á spennandi og krefjandi verkefni.


Góð uppbygging í Mosfellsbænum

Og Sævaldur bætir við, „Vonandi er þetta bara áframhald af þeirri góðu uppbyggingu sem verið hefur í Mosfellsbænum en flottar framfarir hafa verið í flokkunum fyrir neðan.

Yngstu hóparnir hjá okkur eru risastórir en það er nú frumforsenda þess að halda úti öflugum starfi að byggja upp yngri flokka.

Reynslan var frábær af þessu mót og við erum hvergi nærri hættir, erum í mikilli baráttu hér heima um sæti í úrslitakeppninni.“


Um páskana munu svo liðið taka þátt í Scania Cup í 10. flokki (U16) sem fram fer í Södertelje í Svíþjóð.



Komdu AÐ ÆFA Sund

SUNDDEILD AFTURELDINGAR
LANGAR AÐ BJÓÐA ÞÉR AÐ KOMA
Á ÆFINGU OG PRÓFA DAGANA
10-14. MARS 2025

ENDILEGA SENDIÐ PÓST Á
birgitta@afturelding.is



Sunddeild
Aftureldingar

Við opnum fyrir skráningar í sela- og höfrungahópa!


SELAHÓPUR 🐼
📅 17 Þriðjudagar & fimmtudagar
🕒 15:10 - 15:50
👶 Fyrir börn fædd árið 2018

HÖFRUNGAHÓPUR 🐼
📅 17 Þriðjudagar & fimmtudagar
🕒 16:00 - 16:40
👶 Fyrir börn fædd árið 2017

Skráning fer fram í gegnum Abler.

Frekari upplýsingar:
birgitta@afturelding.is





Mikil bjartsýni að planta trjám • Margir komið að starfinu

Skógræktarfélagið stofnað árið 1955

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar var stofnað 20. maí 1955 og er því 70 ára í ár. Þá þótti mikil bjartsýni að planta trjám, margir töldu það óds manns æði.

Annað kom á daginn og fyrir tilstuðlan félagsins hafa mörg fellin í sveitarfélaginu verið klædd skógi sem nú skapa eftirsóknarverð útvistarsvæði fyrir íbúa Mosfellsbæjar. Fjölmargir hafa komið að starfsemi félagsins frá stofnun þess sem hefur frá upphafi verið rekið í sjálfböðavinnu.

Félagið var stofnað af Kvenfélagi Lágafellssóknar, Ungmennafélaginu Aftureldingu og Skógræktarfélagi kvenskáta við Hafravatn. Þetta ár varð Kvenfélag Lágafellssóknar 45 ára og í tilefni af því gaf Dr. Helgi Tómasson kvenfélaginu 450 trjáplöntur úr gróðrarstöð sinni og var hluti af þeim gróðursettur við Hlégarð vorið 1956. Þessi tré hafa nú í sjö áratugi glatt augu Mosfellinga, fegrað umhverfi Hlégarðs og veitt skjól.



Skógræktarsvæðin

Skógræktarsvæði félagsins innan Mosfellsbæjar eru í Hamrahlíð og norðurhlíð Úlfarsfells, Lágafelli, Þormóðsdal við Hafravatn, Reykjahvolshlíð, Varmalandi, Æsustaðahlíð, Norður Reykjum, Háaleiti og Langahrygg.

Auk þess hefur félagið komið að skógræktinni í Brynjudal og á hlut í jörðinni Fossá í Hvalfirði.

Kortið sýnir skóga og nýskógrækt Skógræktarfélags Mosfellsbæjar auk annarra skóga innan sveitarfélagsins.

Verkefnið í vaxandi skógi

Skógar félagsins eru fyrst og fremst útvistarskógar og því skiptir miklu að opna skógana til að fólk geti notið þeirra. Það er eitt af meginmarkmiðunum við grisjun og aðra umhirðu sem nú er orðin helsta verkefni félagsins og hefur eins og annað að

mestu verið unnin í sjálfböðavinnu hingað til. Stígagerð hefur af sömu ástæðu einnig verið veigamikil á svæðunum. Af slíkum verkefnum má nefna nýlega stígagerð í Hamrahlíð sem styrkt var af Pokasjóði, svo og leið í móttun samsíða Skarhólabrautinni. En nýjastir eru hjólastígarnir sem unnið er að í Æsustaðahlíð og Varmalandi í samvinnu við hjóladeild Aftureldingar.

Við ýmis verkefni hefur félagið notið liðsinnis áhaldahúss Mosfellsbæjar og hlakkar til að sjá það góða samstarf halda áfram. Öll sumur heldur félagið auðvitað ótrautt sínu striki við gróðursetningu, bæði nýskógrækt á svæðum félagsins og íbætur eldri skóga.

Síðustu mánuði hvers árs eru svo margar hendur kallaðar til við undirbúning jóla-trjáasölnunnar sem er stærsta og mikilvægasta tekjulind félagsins.



Verkefnið Landgræðsluskógur skipti sköpum • Stærstur hluti


Skógræktaráttak eftir

Mikil aukning varð í gróðursetningu trjáplantna hjá félaginu eftir árið 1990 þegar verkefnið Landgræðsluskógur hófst, þar sem íslenska ríkið styrkir úthlutun skógarplantna til skógræktarféлага um allt land. Þetta skipti sköpum fyrir félagið og gerir enn.

Í kjölfarið fjölgaði skógræktarsvæðunum. Helsti hvatamaður þess var Guðrún Hafsteinsdóttir, sem var formaður félagsins í tvo áratugi 1983-2003, og í hennar tíð náðust samningar um flest svæðin.

Það kemur kannski á óvart að stærstur hluti skóganna sem við horfum á í fellum Mosfellsbæjar er yngri en 35 ára, eða frá því eftir að Landgræðsluáttakið hófst.

Fyrstu tuttugu ár átaksins gróðursetti félagið um 700 þúsund plöntur sem eru tæpur helmingur allra trjáa sem farið hafa í jörð hjá Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar frá stofnun. Mest hefur verið gróðursett af birki, stafafuru og sitkagreni, tegundir sem reynst




hafa vel sem frumherjar á skóglausu landi. Tegundavalið þarf alltaf að taka mið af ræktunarskilyrðum á hverjum stað en félagsmenn hafa jafnframt reynt að stuðla að fjölbreytni skóganna, bæði við upphaflega gróðursetningu og seinna meir með íbótum í eldri skógum þar sem skjólið gefur færi á kröfuharðari tegundum.

MOSFELLSBÆJAR 70 ÁRA



HAMRAHLÍÐARSKÓGUR Í ÚLFARSELLI



SKÍÐABREKKAN Í HAMRAHLÍÐ ÁRIÐ 1957

Elsti skógur félagsins • 80 hektarar í hlíðum Úlfarsfells

Fyrsta skógræktarsvæðið í Hamrahlíð

Myndarlegur skógur blasir við undir Hamrahlíðinni í Úlfarsfelli og ánægjulegt hve margir eiga leið þar um.

Þetta er elsti skógur félagsins sem árið 1957 gerði samning um landið við hjónin Helgu Magnúsdóttur og Sigstein Pálsson á Blikastöðum. Fyrstu árin var árangurinn ekki eins góður og síðar varð, því bæði er jarðvegurinn rýr og þó fyrsta verkið hafi verið að girða skógræktina af reyndist erfitt að halda búfé frá henni þar til Úlfarsfellið varð fjárfrítt í byrjun tíunda áratugarins. En með mikilli vinnu tókst að gera þetta svæði að skemmtilegu útivistarsvæði sem er mikið notað.

Göngustígar hafa verið lagðir um skóginn og upplýstur malbikaður hjólastígur liggur í gegnum hann endilangan. Jólátrjáasala hefur verið stór þáttur í starfi félagsins frá árinu 1984 og í desember ár hvert leggja


jólabörn á öllum aldri leið sína í Hamrahlíðina til að finna rétta tréð í stofuna.

Fyrstu 35 árin fóru í jörð um 100 þúsund trjáplöntur í Hamrahlíð. Gróðursetningarnar fóru fram í sjálfböðavinnu og sáu félagsmenn í skógræktarfélaginu um stærstan hluta þeirra.

Eftir 1990 tóku skólabörn úr vinnuskóla Mosfellsbæjar þátt í plöntun undir styrkri stjórn Kristínar Davíðsdóttur og Elísabetar Kristjánsdóttur sem hafa komið að gróðursetning á öllum skógræktarsvæðum félagsins.


Svæði félagsins í Hamrahlíðinni var stækkað árið 1990 og þremur árum síðar gerður samningur við Mosfellsbæ um land í norðurhlíð Úlfarsfells við Skarhóla.

Síðan þá teygir þetta samfellda skógræktarsvæði félagsins sig yfir 80 hektara í hlíðum Úlfarsfells.



skóganna í fellum Mosfellsbæjar er yngri en 35 ára

1990



HAMRAHLÍÐ 2015

HVERNIG SKRÁI ÉG MIG Í FÉLAGIÐ?

➤ Þátttaka í skógræktarfélagi er góð leið til að taka þátt í samfélagslega mikilvægu starfi sem gefur af sér á svo margan hátt. Í dag eru um 180 félagsmenn í Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar. Við höfum byggt upp skógarauðlind sem gefur af sér mikil verðmæti til bæjarbúa með skjóli og útivistarsvæðum í nágrenni byggðarinnar. Á sama tíma binda trén mikið kolefni úr andrúmslofti og er þá okkar framlag til kolefnisbindingar á Íslandi.

Þú getur verið með okkur með því að senda tölvupóst á skogmos@skogmos.is til að skrá þig í félagið, bjóða fram hjálparhönd eða fá frekari upplýsingar um félagið.

Skógræktarfélagið þakkar framsýni og elju eldri félagsmanna fyrir að við eigum í dag vöxtulega skóga í fellunum umhverfis bæinn. Faðmur trjáanna er eftirsóttur til útivistar og þannig liður í bættri lýðheilsu. Við höldum áfram að rækta, annast núverandi skóga og gróðursetja nýja.

Með djörfung og dug - Mannkostamenntun í FMOS

Í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ starfar samhentur hópur fólks að því markmiði að skapa lærdóms-samfélag þar sem nemendur vaxa og þroskast jafnt sem námsmenn og manneskjur.

Hjarta námsins er því ekki síður lærdómsferlið en lokaafurðin en FMOS er verkefnaamiðaður leiðsagnarnámskóli og leggur áherslu á framfarir í námi og vaxtarhugarfar. Við erum sífellt að leita leiða til að gera námið í skólanum öflugra og í því augnamiði er hafin þróun-arvinna á innleiðingu svokallaðrar mannkostamenntunnar (character education). Hugmyndafræðin sækir í brunn dygdasiðfræðinnar en rætur hennar má rekja allt aftur til gríska heimspekingsins Aristótelesar.

Í stuttu máli er kjarni mannkostamenntunnar sá að nám þurfi að efla persónulegan og siðferðislegan þroska nemenda ekki síður en hæfni þeirra í hefðbundnum námsgreinum. Farsæld er því miðlægt hugtak í þessum fræðum – með því að þroska mannkosti á borð við hugrekki og virðingu erum við að lifa til góðs, bæði fyrir okkur sjálf og annað fólk.

Lengi verið í farvatninu

Mannkostamenntunin hefur verið okkur í FMOS hugleikin um nokkurt skeið og í raun hófst vinnan við að innleiða hana í skólastarfið og skólabraginn fyrir mörgum árum.

Ferlið hófst með því að kennarar og stjórnendur sóttu alþjóðlegar ráðstefnur og heimsóttu erlenda skóla til að kynna sér nýjustu hugmyndir bandaríska fræðimannsins Charles Fadel, svokallað „Four-Dimensional Education“-líkan, sem sameinar þekkingu, hæfni og mannkostamenntun undir regnhlíf metacognition – eða hæfni til að hugsa um eigin hugsun.

Æ síðan hafa þessar hugmyndir litað skólastarfið og kveiktu neistann að því þróunarstarfi sem nú er hafið með aðkomu alls skólasamfélagsins.

Starfendarannsókn og stefnumótun

Á síðasta skólaári lögðu fjórir kennarar með ólíkan bakgrunn og sérhæfingu í leiðangur til að dýpka þekkingu sína og skilning á þessum fræðum.

Kennararnir skráðu sig í diplómanám í mannkostamenntun og fóru af stað með sameiginlega starfendarannsókn þar sem



fjórar dygðir voru í brennidepli; hugrekki (siðferðisleg dygd), seigla (framkvæmdadygd), forvitni (vitsmunaleg dygd) og kurteisi/virðing (borgaraleg dygd). Sjónum var beint að hverri dygd fyrir sig í tvær til þrjár vikur, þar sem áherslan var bæði á að læra af fyrirmyndum (character caught) og vinnu með dygdina í skipulagðri kennslu í gegnum verkefni af ýmsu tagi (character taught).

Í framhaldinu voru hönnuð afar falleg veggspjöld fyrir hverja dygd sem nú skreyta vegg skólans. Hugmyndin var að með því að gera dygðirnar sýnilegar í skóla-umhverfinu og í kennslunni sjálfri, yrði mannkostamenntunin hluti af daglegu lífi nemenda. Hvort sem þeir væru að ræða hugrekki í bókmenntum eða æfa forvitni í náttúruvísindum myndu þeir upplifa dygðirnar sem hluta af menntuninni, læra að þekkja þær og efla hugsun sína og meðvitund

um þær.

Nú á haustdögum var svo blásið til þróunarvinnudags helguðum mannkostamenntun þar sem allt starfsfólk skólans kom að borðinu og ræddi næstu skref og framtíðarsýn skólans í þessari vegferð. Lykilatriði í þeirri þróunarvinnu sem nú er í gangi er að mannkostir séu sýnilegir í skólastarfinu öllu og samofnir bæði kennslu og skólabrag.

Verkefnið er um margt einstakt, ekki síst fyrir þær sakir að það hefur þróast í gegnum starfendarannsóknir kennara sem og samtal og samstarf milli nemenda og alls starfsfólks skólans.

Breyttir tímar, breytt nálgun

Það sem gerir mannkostamenntun í FMOS sérstaklega heillandi er að hún tekur á áskorunum nútímasamfélags með persónulegri nálgun. Hún veitir nemendum verkfæri til að takast á við lífið af hugrekki, sýna seiglu í erfiðum aðstæðum, virða aðra og rækta forvitnina; verkfæri sem eru nauðsynleg til að byggja upp farsælt líf.

Næstu skref í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ eru að endurskoða stefnu skólans með mannkostamenntun að leiðarljósi svo hún verði órjúfanlegur hluti alls skólastarfsins.

*Björk Margrétardóttir,
Hrafnhildur Þórhallsdóttir
og Vibeke Svala Kristinsdóttir*



Að koma auga á lífsgæði

SKÓLA HORNID

Til þessa hef ég þekkt Mosfellsbæ að mestu af þeirri reynslu að keyra á þjóðvegi 1 á leið minni vestur.

Alltaf hefur mér þó liðið þannig að um það leyti sem ég keyri inn í bæinn finnst mér ég vera komin út úr skarkala höfuðborgarinnar og fer þá strax að draga andann örllítið dýpra. En eitt er það sem alltaf grípur augun, það eru fellin sem standa vörð um byggðina.

Mikið eru íbúar Mosfellsbæjar lán-samir að hafa svona mörg fell að tölta á til að hreinsa hugann og sækja sér almenna heilsuefningu. Það getur fjölskyldan sannarlega gert saman!

Eftir að hafa starfað á fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar tímabundið í nokkrar vikur finn ég fyrir miklum vilja til að hlúa vel að börnum og ungmennum í þessum bæ.

Bæjaryfirvöld og leik- og grunnskólarnir leggja sig fram um að sækja þá allra bestu þekkingu og þau bestu og virtustu töl sem völ er á til að styðjast við og bæta umgjörð og aðstæður barna. Mosfellsbær setur börn og ungmenni í forgang í þjónustu sinni.

Mig langar að nefna nokkur dæmi:

- Innleiðing barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- Innleiðing nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Innleiðing verkefnisins Barnvænt

sveitarfélag.

- Innleiðing verkefnisins Heilsueflandi samfélag/heilsueflandi skóli.

Og enn er gert betur með aðgerða-áætluninni BÖRNIN OKKAR.

Í þeirri áætlun er að finna 26 aðgerðir sem allar snúa að því að tryggja börnum, ungmennum og fjölskyldum þeirra öryggi, menntun, stuðning, frelsi til athafna, möguleika til útivistar og listiðkunar og svo margt, margt fleira.

Grunn- og leikskólar bæjarins gegna þar lykilhlutverki auk Listaskólans, félagsmiðstöðvarinnar og íþróttafélaganna.

Til gamans báðum við gervigreindina að greina öll þessi innleiðingarverkefni og gera tillögur að 20 mikilvægum forgangsáðgerðum. Og viti menn; gervigreindin lagði til 20 aðgerðir sem tengjast þvert á öll þessi verkefni og það er skemmtilegt frá því að segja er að flest þeirra eru nú þegar komin af stað eða eru í startholunum með verkefninu BÖRNIN OKKAR.

Það eru stórkostleg lífsgæði að búa í Mosfellsbæ. Við skulum ekki gleyma að koma auga á þau í daglegu lífi alla daga.

*Soffía Vagnsdóttir
Í tímabundnu starfi leiðtoga málefna grunnskóla á fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar.*

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDAVIÐ MOSFELLSBÆJAR



STORMSVEITIN

Menning í mars í Hlégarði 13.3 kl 20.30

Stormsveitin mætir rafmagnslaus í góðum gír með söng og sögur á menningarkvöldi í Hlégarði fimmtudaginn 13. mars klukkan 20.30. Hjólsmveitina skipa Arnór Sigurðarson og Þórir Úlfarsson.



Ekki missa af þessari skemmtun miðaverð kr. 3.500,- á TIX og við innganginn.





Flokkun heimilissorps



Það er á höndum íbúa að flokka úrgang við heimili sín. Heimilissorp er flokkað í fjóra flokka; pappír/pappa, plastumbúðir, matarleifar og blandaðan úrgang.

Mosfellsbær hvetur íbúa til að huga enn betur að flokkun sem fer í blandaðan úrgang. Sérmerktir gáma eru við grenndarstöðvar og á endurvinnslustöð Sorpu fyrir úrgang eins og málma, gler, textíl, pappír/pappa og plastumbúðir.

Endurvinnslustöð Sorpu er staðsett við Blíðubakka og er opið frá kl. 12:00 - 18:30 alla daga vikunnar.

Grenndarstöðvar eru opnar allan sólarhringinn og eru staðsettar á eftirfarandi stöðum:

- Bogatanga
- Dælustöðvarveg
- Vogatungu

Allar nánari upplýsingar má finna á:
www.sorpa.is

FÓTAADGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Iverholti 3 - Sími: 566-6612



B. Markan ehf. Pípulagnir

660 6690

www.bmarkan.is



HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSAMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM



SteinTeppi.is

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

Gölfefna lausnir
fyrir heimili
og fyrirtæki



S: 660 0770 - www.aftak.is



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurbjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Fasteignagjöld í Mosfellsbæ

Fasteignagjöld eru reiknuð sem hluti af fasteignamati hverrar eignar. Fasteignamatíð tekur mið af verðmati húss og lóðar og eru forsendur fasteignamats meðal annars flatarmál eignar, staðsetning, aldur og ástand eignar og tölfæðileg gögn um kaupsamninga. Árlega er fasteignamatíð endurmetið.

Fasteignamat íbúða á höfuðborgarsvæðinu hækkaði á milli ára 2023 og 2024 um 13,1% og á milli ára 2024 og 2025 um 2,1%. Hér er um meðaltalshækkun að ræða en hækkun fasteignamats sérbyla, fjölbýla og atvinnuhúsnæðis getur verið mjög ólík á milli ára meðal annars vegna framboðs og eftirspurnar eigna.

Fasteignaskattur, lóðaleiga, sorphirðugjald og gjald vegna endurvinnsluöðva eru fasteignagjöld. Álagning fasteignagjalda er ákveðin af hverju sveitarfélagi og eru þau stór hluti tekna sveitarfélaga.

Fasteignaskattur á íbúarhúsnæði í Mosfellsbæ

Á höfuðborgarsvæðinu er Mosfellsbær meðal þeirra sveitarfélaga sem eru með hæstan fasteignaskatt á íbúarhúsnæði árið 2025. Að undanförunu hefur borið mikið af ábendingum og kvörtunum íbúa Mosfellsbæjar um hækkandi fasteignagjöld.

Umræðan hefur t.d. verið áberandi á íbúasíðum Mosfellsbæjar á facebook. Þessi umræða á rétt á sér því alger stefnubreyting hefur átt sér stað hvað varðar þennan skatt síðan nýr meirihluti tók við fyrir bráðum þremur árum

Raunhækkun fasteignaskatts staðreynd

Í tíð fyrri meirihluta var sú venja viðhöfð að fasteignaskattsprósenta var aðlöguð fyrir hækkun á fasteignamati og verðlagi þannig að aldrei yrði um raunhækkun fasteignaskatts að ræða miðað við þróun verðlags.

Þetta þýddi nær undantekningarlaust að við hverja fjárhagsáætlunargerð lækkuðu álagningahlutföll fasteignagjalda þar sem fasteignamatíð



hafði hækkað umfram verðlagsbreytingar.

Eftir að nýr meirihluti tók við árið 2022 hefur þessi venja verið aflögð. Strax við fyrstu fjárhagsáætlun nýs meirihluta fyrir árið 2023 varð veruleg raunhækkun fasteignagjalda í bænum.

Þetta þýddi að raunhækkun fasteignaskatts var milli 15 og 16% sem var gríðarlega mikið og stórt högg fyrir mosfellsk heimili. Síðan þá hefur þessi þróun haldið áfram og m.a. hækkaði álagningarhlutfall fasteignaskatt í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 með tilheyrandi raunhækkun fasteignagjalda meðan flest sveitarfélög lækkuðu hlutfallið.

Önnur gjöld hafa líka hækkað mikið og hefur t.d. sorpuhirðugjald og rekstur grenndar- og söfnunarstöðva hækkað um 73% frá árinu 2022. Til samanburðar hefur almennt verðlag hækkað um 30% á sama tímabili.

Samanburður við önnur sveitarfélög

Ef borin eru saman álagningarhlutföll fasteignaskatts sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kemur í ljós að Mosfellsbær er þar í hæstu hæðum, aðeins Hafnarfjörður hefur hærra álagningarhlutfall. Meira að segja Reykjavík hefur mun lægra hlutfall en Mosfellsbær.

Skattar eru pólitískar ákvarðanir

Breyting álagningarhlutfalla eins og fasteignagjalda eru pólitískar ákvarðanir þeirra sem eru við stjórnvölinn hverju sinni.

Meirihlutinn í Mosfellsbæ virðist standa fyrir hærri skattlagningu á íbúa meðan við sjálfstæðismenn hér í Mosfellsbæ stöndum hins vegar fyrir hið gagnstæða.

Ljóst má vera að aðferðafræði núverandi meirihluta við ákvörðun álagningahlutfalla fasteignagjalda er önnur en hún var í tíð fyrri meirihluta.

Rúnar Bragi Guðlaugsson bæjarfulltrúi
Helga Jóhannesdóttir bæjarfulltrúi

Úr sjoppunni í formannssæti VR

Nú þegar ég hef heimsótt fjölda vinnustaða í tengslum við kosningar til formanns VR hugsa ég oft til baka til sjoppuáranna í Snæland Vídeó í Mosó og um það hversu mikið afgreiðslustörf hafa breyst.

Í sjoppunni höfðum við ákveðið sjálfstæðisráð, við máttum lauma aðeins meira blandi í pokann, semja um skuldir fyrir spólur og gefa ísinn sem var óvart af linur. Þetta sjálfstæðisráð, ásamt óborganlegum vinnufélögum og frábærum viðskiptavinum, gerði vinnuna skemmtilega. Okkur fannst við eiga sjoppuna saman og vorum stolt af vinnunni okkar.

Þetta er mér mjög hugfast í dag þegar ég sækir heim vinnustaði ólíkra VR-félaga. Starfsánægja virðist nánast alltaf haldast í hendur við traust og forræði yfir sinni eigin vinnu, að ógleymdum sveigjanleikanum (sem við höfðum reyndar aldrei í sjoppunni, þar voru matar- og kaffítímar ekki einu sinni virtir).

Láttu konuna fá peninginn

Þau eru ýmis áföllin sem dynja yfir fólk á unglingsárunum. Ef litið er fram hjá því sem raunverulega teljast áföll í lífinu, þá er mér mjög minnststætt það mikla sjokk sem ég fékk þegar ég var að afgreiða barn um bland í poka í Snæland Vídeó og móðir barnsins sagði hátt og snjallt: „Nú máttu láta konuna fá peninginn.“ Ég var fjórtán ára og alls engin kona! En ég tók við peningunum og sneri mér að næsta viðskiptavininum sem vildi líka bland í poka fyrir afganginn.

Snæland Vídeó var miklu meira en bara sjoppa á þessum tíma. Snæland var sjoppa, með ákveðnum greini, og þangað lagði fólk leið sína til að leigja spólu, ná sér í bland fyrir skrall helgarinnar eða fá sér eina pulsu (tómatsósuna undir steikta laukinn takk). En fólk kom líka í sjoppuna sér til dægurstyttingar. Hópar ungs fólks komu þar saman og unglingar gerðu



ítrekaðar tilraunir til að hanga inni í sjoppunni en þurftu að sætta sig við að safnast saman fyrir utan í staðinn.

Um helgar skapaðist oft mikil stemning á bílaplaninu og í eina skiptið sem ég hef komist í kast við lögin (fyrir utan eina hraðasekt, afsakið) var þegar ég ílangdist á sjoppuplaninu eftir vinnu og löggan kom og keyrði mig heim, enda útivistartími barna löngu liðinn.

Í sjoppunni í Mosó steig ég mín fyrstu skref á vinnumarkaði. Starfið var fjölbreyttara en það kann að hljóma, við seldum ís og pulsus, snakk og bland í poka, og leigðum vídjóspólur og síðar DVD-diska. Síðan þurfti að fylla á, þússa glerið og halda öllu hreinu. Það var nánast alltaf brjáláð að gera og sjoppa iðaði af lífi. Stundum var ég svo þreytt eftir vaktir að ég settist upp um miðjar nætur og spurði út í tómið „get ég aðstoðað?“

Ég vann í sjoppunni með skóla og á sumrin í mörg ár. Og núna, aldarfjórðungi síðar, er ég enn að hitta fólk sem segist kannast við mig og spyr hvort ég hafi ekki unnið í sjoppunni í Mosó.

VR-ingar, nýtið atkvæðisréttinn

Þessari grein var ætlað að vera smá kosningaróður, þar sem ég gef nú kost á mér til áframhaldandi setu sem formaður VR. Þess í stað rann greinin niður slóð minninganna! En mig langar samt að hvetja alla VR-félaga í Mosfellsbæ til að nýta atkvæðisrétt sinn í félaginu og kjósa bæði formann og stjórn. Og ekki þætti mér verra ef „konan“ í sjoppunni fengi ykkar atkvæði!

Kosning stendur yfir frá 6. mars kl. 10 og fram á hádegi 13. mars. Allar nánari upplýsingar um mig eru inni á halla.is og upplýsingar um kosninguna eru á vr.is. Svo fáum við okkur bland í poka fyrir afganginn.

Halla Gunnarsdóttir
Formaður VR og fyrrum sjoppukona í Mosó

Eir í þjónustu við íbúa Mosfellsbæjar í 20 ár

Eir hjúkrunarheimili hefur verið í samstarfið við Mosfellsbæ um þjónustu til íbúa sveitarfélagsins síðan þann 7. júlí 2005 en þá var undirritaður rammasamningur aðila um uppbyggingu öldrunarþjónustu í Mosfellsbæ.



Þá var sveitarfélagið talsvert minna, með lítilli þjónustumiðstöð að Hlaðhömrum auk um tuttugu íbúða fyrir aldraða. Síðan hefur þjónustumiðstöðin stækkað og þjónustuíbúðum fjölgað umtalsvert. Eir hefur jafnframt tekið við framkvæmd heimaþjónustu fyrir Mosfellsbæ, þ.á m. matarþjónustunni, sem og heimahjúkrun fyrir íbúa Eirhamra. Þá hefur bæst við dagþjálfun að Eirhömrum og heilt hjúkrunarheimili, Hamrar, sem er sambyggt þjónustumiðstöðinni.

Undanfarin misseri hefur svo Eir, í áframhaldandi góðu samstarfi við Mosfellsbæ, unnið að fjölgun dagþjálfunarrýma, stækun hjúkrunarheimilisins og aukinni samþættri þjónustu til aldraða í gegnum tilraunaverkefni stjórnvalda „Gott að eldast“.

Eir leggur mikið upp úr að veita faglega og góða þjónustu til íbúa Mosfellsbæjar, sem og annarra skjólstæðinga sinna. Gerðar eru þjónustukannanir með reglubundnum hætti og niðurstöður þeirra nýttar í úrbótavinnu innan starfseminnar. Enda er eðli þjónustustarfsemi þannig að alltaf þarf að halda sér á tánum og yfirleitt hægt að finna tækifæri til að gera betur.

Mosfellsbær framkvæmdi þjónustukönnun á meðal notenda heimaþjónustu Mosfellsbæjar árið 2024 og skilaði ítarlegri niðurstöðuskýrslu. Ánægjulegt var að sjá að 100% svarenda upplifa vingjarnlegt viðmót frá starfsfólkinu okkar sem sinnir félagslegu innliti og 99% starfsfólks sem sinnir þrífum. Þá sögðust 79% svarenda vera ánægðir með félagslegu innlitin, og enginn var óánægður

(hlutlausir 21%). Einnig sögðu 100% svarenda heimsenda matinn lystugan og enginn var óánægður með matinn (hlutlausir 43%). Einnig komu fram góðar ábendingar, t.d. um að heimsendi maturinn bærist of snemma dags. Er verið að leita leiða til að koma til móts við það en mikil aukning hefur orðið á heimsendingu matar undanfarin ár.

Þó skýrslur séu nauðsynlegar, þá finnst mér sjálfri gott að heyra af og til beint frá fólkinu okkar. Í því skyni tók ég rölt um Hamra um daginn og spjallaði við nokkra íbúa sem ég hitti þar á göngunum. Á stuttum tíma náði ég spjalli við um fjórðung allra íbúa Hamra, enda lítið heimili. Ég spurði þá hvernig þeim liði og hvernig þeim þætti þjónustan vera hjá okkur. Allir sem ég hitti fullvissuðu mig um að þeir fengju nóg að borða hjá okkur, þætti maturinn almennt bragðgóður og að þeim liði mjög vel á Hömrum. Sem mér þótti mjög vænt um að heyra.

Við á Eir og Hömrum viljum gera vel í þjónustu við okkar skjólstæðinga en við erum auðvitað ekki gallalaus. Við erum mannleg og viljum vita af því þegar við getum gert betur.

Því hvetjum við fólk til að nota ábendingarhappinn okkar á heimasíðunni okkar, www.eir.is til að koma á framfæri skilaboðum til okkar um það sem betur má fara.

Við erum ákaflega stolt af því góða samstarfi sem við höfum átt við Mosfellsbæ í gegnum árin og viljum þakka Mosfellingum fyrir samfylgdina síðastliðin 20 ár. Framtíðin er björt og við viljum gera okkar til að það verði alltaf gott að eldast í Mosfellsbæ.

Eybjörg H. Hauksdóttir, forstjóri Eirar, Skjóls og Hamra og Mosfellingur.

Styrkir Mosfellsbæjar



Umsóknir óskast í Klörusjóð 2025

Nýsköpunar- og þróunarsjóður skóla- og frístundastarfs í Mosfellsbæ

Markmið Klörusjóðs er að stuðla að framþróun á skóla- og frístundastarfi í Mosfellsbæ. Sjóðurinn er ætlaður til að styrkja verkefni sem eru unnin í einstökum skóla eða í samstarfi á milli skóla. Heildarframlag til sjóðsins 2025 er þrjár og hálf milljón og í ár var ákveðið að áhersluatriði umsóknar verði með vísan í „Börnin okkar“, aðgerðaráætlun Mosfellsbæjar sem snýr að bættu umhverfi í þágu barna- og unglinga.

Umsóknarfestur er til 15. apríl og sótt er um á **Mínum síðum Mosfellsbæjar**.

Mikilvægt er að umsækjendur kynni sér reglur Klörusjóðs á vef Mosfellsbæjar: mos.is/klorusjodur

Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar

Mosfellsbær

minarsidur.mos.is



BOLID
MARS 2025

MÁN VARMÁBÓL	ÞRI LÁGÓ & HELGÓ	MID VARMÁ & LÁGÓ	FIM HELGÓBÓL	FÖS ÖLL BÓL
3 KÓSÝKVÖLD ARA	4 KÓSÝKVÖLD	5 ÖSKUDAGSFJÖR	6 PERLUKVÖLD	7 VARMÁ HUPPU RÖLT
10 BÍÓKVÖLD	11 16-18 ÁRA KVÖLD - LÁGÓ OPIÐ HÚS F ALLA - HELGÓ	12 SPÁKVÖLD ÖNNU	13 SNAKK TASTE TEST	14 HELGÓ ARMBANDSGERÐ
17 PINGPONG MÓT	18 MORGUNKORNSKVÖLD	19 16-18 ÁRA KVÖLD - VARMÁ OPIÐ HÚS F ALLA - LÁGÓ	20 LOKAB ÁRSHÁTÍÐIR SKÓLANNA	21 LÁGÓ KÖKUSKREYTINGAR KEPPNI
24 NÁTTFATAPARTÝ	25 DISNEY KVÖLD	26 FÖNDURKVÖLD	27 SPILAKVÖLD	28 ÍPRÓTTAHÚS LÁGÓ 13-18 ÁRA
31 BLIND KAREOKE	OPIÐ ÖLL KVÖLD FRÁ 19:30- 21:45			

[instagram.com/bolid270](https://www.instagram.com/bolid270)



SMÁSKREF

Ég er búinn að vera að vinna með litlu skrefin undanfarna mánuði. Fékk spark í rassinn um mitt síðasta ár þegar ég missti á einni nóttu styrk í hægri upphandlegg. Fékk mjög góð ráð frá sjúkrahjúfaranum mínum sem setti mig í daglegar æfingar. Hef síðan notað um þrjátíu mínútur fyrir vinnu á morgnana til að gera æfingarnar sem hann setti mér fyrir ásamt vel völdum liðleika- og styrktaræfingum sem ég veit að gera mér gott. Í dag er ég með tvö sett af æfingum sem ég geri til skiptist á morgnana. Ég byrja samt alltaf á sömu gólfæfingunum. Fyrst æfingum sem styrkja og liðka hálsinn, skipti yfir í barnarúll, rugg og nokkrar dýragönguæfingar áður en ég æfi mig mjúklega í að detta. Ég enda þessar gólfæfingar á nokkrum konar plankahring. Eftir gólfæfingar vinn ég í mismunandi (eftir dögum) styrk og liðleika. Síðasta morgunæfingin er alltaf að hanga á stöng, fyrir bakið og gripíð.

Lykilatriði í þessum morgunæfingum er að ég hef í ör-skrefum gert þær erfiðari. Ör-skrefin eru svo lítil – kannski bæti ég bara við 1-2 sekúndu á viku í plankann eða hangsið – að líkaminn áttar sig ekki á því að hann er vinna meira en áður. En þetta safnast saman og þegar maður hefur ör-bætt sig í margar vikur og marga mánuði, þá eru framfarirnar orðnar vel merkjanlegar. Það sem var áskorun fyrir nokkrum mánuðum, er auðvelt í dag.

Polinmæði og þrautseigja er það sem skiptir máli þegar kemur að því að byggja sig upp, sama hver grunnurinn er. Það kemur ekkert af sjálfu sér, en langtímaárangur næst ekki með því að reyna að komast hærra og lengra of hratt. Það er ávísun á meiðsli og yfirkeyslu sem leiðir til þess að fólk gefst upp, hættir og gerir ekkert í langan tíma. Prófaðu litlu skrefin, þau gefa.



Gudjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Opíð bréf til sóknarnefndar

Haustið 2023 réðist organisti til sóknarinnar sem mikils var vænst af. Það má síðan ljóst vera að sóknarnefndin hafði því miður ekki kynnt sér sem skyldi fyrri störf um-sækjandans, sem virðast að jafnaði hafa staðið stutt á hverjum stað.

Ástæður þess hafa orðið okkur ljósari sem tökum þátt í kórstarfi kirkjunnar eftir því sem tíminn hefur liðið. Kórfélagar hafa ekki áður kynnt svo miklu áhugaleysi og slægri ástundun nokkurs fyrirrennara hans.

Undirritaður gekk á fund prestanna sl. haust og reyndi með því að hjálpa til við að starfsemin kæmist í betra horf. Greindi þeim frá því að þjónusta organistans við kirkjukórinn væri langt frá því að vera viðunandi. Ekki væri einleikið hversu oft æfingar væru felldar niður.

Það er ekki frekar af því að segja en að mér var fálega tekið og þótti mér afar miður að vera vændur um ósannindi. Aðvörun mín hefur greinilega að engu verið höfð til að bæta starfið.

Út yfir alla þjófabálka tók þó þann 11. febrúar sl. en þann dag boðaði organisti til æfingar en þá höfðum við ekki séð hann síðan 5. janúar. Engin varð æfingin. Nei. Hann lýsti því hvernig honum hefði ekki tekist að ná þeim árangri með kórinn sem hann vænti.

Í stað þess að taka sig á við æfingar og halda þær reglulega eins og í kjarasamningi



er ráð fyrir gert þá lýsti hann því yfir að hann legði kórinn niður!

Í framhaldinu spurði hann síðan hvort við værum samt ekki tilbúin að syngja fram á vorið, svo sem þrjá mánuði í viðbót og verða blessuð í lokin. Virðingarvert og vel boðið það? Svar félaganna við því hefur verið nokkuð í þá veru sem einn kórfélaginn sagði: „Ég er ekki tilbúinn að leggjast á höggstokkinn og syngja þar til öxin fellur.“

Framkoma þessa manns er með ólíkindum. Hann er ráðinn til safnaðarins til þess að styðja og styrkja safnaðarstarf og greidd laun úr safnaðarsjóði – þ.e. af safnaðarbörnum – en telur sig þess umkominn að vísa hópi þeirra frá starfi með söfnuðinum. Hópi safnaðarbarna sem iðulega eru uppstada þeirra er messur sækja. Og hvers vegna skyldi það vera?

Ástundun hans gefur ekki annað til kynna en það sé fyrst og fremst til þess að komast undan vinnuskyldu, erfiðinu við að halda kóræfingur vikulega.

Með því að bera sig aumlega síðastliðið haust lét sóknarnefnd eftir organistanum að spila ekki nema hluta þeirra sunnudaga er samningur organista og þjóðkirkunnar kveða á um. Einsdæmi? Hver varð skerðing á starfshlutfalli við það? Einnig er gert ráð fyrir kórstarfsemi sem föstum lið í fyrrgreindum samningi. Hvaða hugmyndir skyldu vera um starfshlutfallsminnkun við

að losna undan kóræfingum?

Mér hefur í engu verið svarað erindi til sóknarnefndar sem ég sendi 17. febrúar. Þar sem svo tregt hefur verið um svör hef ég sent biskupi afrit af bréfinu. Geri það samvisku minnar og réttlætis vegna í þeirri trú að þar megi vera stuðningur við almennt safnaðarstarf sóknarbarna.

Svar hefur borist um að framkvæmdastjóri biskupsstofu og biskupsritari muni boða til fundar með prófasti. Hlutverk prófasts er m.a. að hafa tilsjón með kirkjulegu starfi og annast sáttaumleitunir þar sem vígðum jafnt sem leikum hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli eins og það er orðað í starfsreglum þjóðkirkjunnar.

Þeirri mikilvægustu spurningu sem komið hefur upp í hugann er hér varpað fram hvort sóknarnefnd telji hlutverk sitt vera fyrst og fremst að gæta hagsmuna starfsmanna fremur en að styðja við hið almenna safnaðarstarf með þátttöku safnaðar. Ef svo skyldi vera má spyrja hvort kirkju- og safnaðarstarf sé orðið fyrst og fremst fyrir starfsfólk til þess að hafa af því atvinnu?

Að endingu fer ég fram á að sóknarnefnd Lágafellssóknar taki til málefnalegar umfjöllunar erindi sem til hennar hefur verið beint og svari mér, sóknarbarni til 42 ára, er nú í fyrsta sinn hefur sent henni umkvörtunarbréf.

Már Karlsson

Niðurskurður í grunnskólum Mosfellsbæjar 2025

Þegar meirihluti Framsóknar, Viðreisnar og Samfylkingar lagði fram og samþykkti fjárhagsáætlun sína fyrir árið 2025, bentum við, fulltrúar D-lista í bæjarstjórn á að það væru gul og jafnvel rauð blökkandi ljós í fjármálum bæjarins sem þyrfti að gefa gaum og bregðast við að okkar mati.

Við bentum á að annað árið í röð væru engar tillögur eða hugmyndir sem lægju fyrir um sparnað eða niðurskurð til að mæta auknum útgjöldum auk þess sem rekstur bæjarins væri ekki sjálfbær þar sem rekstrarniðurstæða A-hluta bæjarsjóðs fyrir árið 2025 væri áætluð neikvæð um 41 milljón.

Við spurðum fulltrúa meirihlutans hvort ekki ætti að bregðast við neikvæðri fjárhagsstöðu bæjarins, og svörin sem við fengum voru þau að kynna ætti sparnað-artillögur í byrjun árs 2025.

Átakið „Börnin okkar“

Þegar fjárhagsáætlunin var lögð fram í nóvember 2024 var átakið „Börnin okkar“ kynnt. Átak sem á að stuðla að velferð barna og unglinga í Mosfellsbæ og koma til móts við auknar áskoranir, en í því felast aðgerðir sem efla forvarnir, barnaverndarstarf og fleiri mál sem snúa meðal annars að starfi í skólum bæjarins.

Tilkynnt var að setja ætti 100 milljónir í verkefnið á þessu ári. Mikið hefur farið fyrir þessu verkefni og það vel kynnt í

fjölmíðlum og samfélagsmiðlum af fulltrúum meirihlutans enda allir sammála um að þetta sé mjög þarft og jákvætt framtak.

Við spurðum hvar ætti að taka þetta fjármagn og hvort skorið yrði niður í málefnum barna og unglinga á öðrum sviðum til að mæta þessum viðbótarkostnaði og svarið við því var að það ætti ekki að gera.

Skólar eiga að spara 100 milljónir á árinu 2025

Nú hefur meirihlutinn ákveðið að grunnskólar Mosfellsbæjar þurfi að spara allt að 100 milljónir á þessu ári.

Upphæðir eru misjafnar milli skóla en meðal upphæð er í kringum 20 milljónir á hvern skóla.

Þessi krafa um sparnað kemur mjög illa við rekstur skólanna sem glíma við stærri og flóknari áskoranir með hverju árinu. Til að ná þessum sparnaðarmarkmiðum er ljóst að skólarnir þurfa að skerða þjónustu og mögulega fækka stöðugildum.

Það vekur athygli okkar að þessar sparnaðarkröfur hafa hvorki verið kynntar í fræðslunefnd né í bæjarstjórn Mosfellsbæjar, meirihlutinn hefur heldur ekki séð ástæðu til að kynna málið í fjölmíðlum eða á samfélagsmiðlum, eins og gert var þegar 100 milljónir voru settar í átakið „Börnin okkar“ fyrir þremur mánuðum.



„Börnin okkar“ í Mósó fengu og misstu

Þessar aðgerðir koma mjög á óvart miðað við tal fulltrúa meirihlutans um mikilvægi þess að auka fjármagn til barna og ungmenna.

Settar voru 100 milljónir í átakið „Börnin okkar“ og næsta skref meirihlutans þremur mánuðum seinna er að skipa skólum bæjarins að spara allt að 100 milljónir í ár í rekstri. Það lítur því þannig út að átakið „Börnin okkar“ eigi að fjármagna með sparnaði í skólum bæjarins. Það er slæm ákvörðun að okkar mati og ekki í samræmi við það sem var lagt upp með.

Þessi vinnubrögð meirihlutans eru til skaða fyrir skólasamfélagið í Mosfellsbæ sem má ekki við þessum niðurskurði.

Til viðbótar við þetta hefur bæjarstjórn lýst því yfir að skoða þurfi niðurskurð á þjónustu bæjarins til að geta mætt þeim kröfum sem nýgerður kjarasamningur kennara felur í sér.

Sá niðurskurður má ekki koma niður á skólum bæjarins.

Fulltrúar D-lista í bæjarstjórn og fræðslunefnd skora á meirihlutann að endurskoða ákvörðun sína um niðurskurðarkröfu á skóla Mosfellsbæjar á þessu ári.

Ásgeir Sveinsson

Oddviti D-lista og fulltrúi í fræðslunefnd
Elin María Jónsdóttir
fulltrúi í fræðslunefnd

Vegna mikillar sölu leitum við að öllum gerðum eigna í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við Jón Rafn í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við Óskar í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

MIKLABORG

Með þér alla leið



Jón Rafn Valdimarsson
lökk. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is





Óskar S. Axelsson
lökk. fasteignasali
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is


569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

 **Steinunn Porkelsdóttir**
Elsku vinir ég var ekki að reyna hringja í ykkur :) heldur voru ömmubörnin með gamlan síma frá mér og náðu víst að heyra í annsi mörgum af vinalistanum mínum hehe en afsakið þetta....ég bara hérna á flugvellinum á leið heim frá Lissabon. 24. feb

 **Vala Mörk Hressandi nótt.**
Dreymdi að við Gaui ættum von á fimmta barni. Smá sjökk, kannski þar sem við for-eldranir erum samanlagt yfir 100 ára og aðeins komin á annan stað í lífinu. Tæki þessum fréttum alls ekki af yfirvegum. Verandi Íslendingurinn sem ég greinilega er í grunninn, hugsaði ég bara í draumnum. "Fokk...jæja, þetta reddast" 1. mars

 **Inga Ásta Bjarnadóttir**
Hæhæ allir FB vinir
Ég tek að mér fatavíðgerðir, fatabreytingar og allskonar saumaverkefni. Ég er menntuð kjóla-meistari og hef 10 ára starfsreynslu við það. Ef þið eruð með verkefni, jafnvel þó þið haldið að þau séu ómöguleg, ekki hika við að hafa samband :) 9. feb

 **Arndís G. Bernhardsdóttir Linn**
Pau gleðilegu tíðindi gerðust á föstudag að pabbi fékk pláss á hjúkunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ <3 Nú er hann aftur kominn heim í sveitina sína. 16. feb

 **Vilborg Jónsdóttir**
Jæja, orðin 65 ára! Smá skrytið því mér finnst ég vera svo ung :) En mikið þakka ég ykkur kærni vinir og fjölskylda fyrir allar fallegu kveðjurnar sem ég fékk frá ykkur :) Varð hugsað til þess sem ég heyrði fyrir einhverju síðan: „betra að verða 65 ára en að verða það ekki!“ Njótum lífsins og takk fyrir að vera vinir mínir <3 26. feb

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



Fébaetur
Innheimta slysa- og skaðabóta.
www.febaetur.is
S: 547-4700.



MALBIKSTÖÐIN

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS



GIRÐIR
ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS
WWW.GIRDIR.IS



Ökukennsla Lárusar
Gsm 7775200 akamos@simnet.is
Vespu-, bifhjóla- og bílpróf
Annast aksturmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS
KROSSLÍMDAR EININGAR
SVALALOKANIR
GLUGGAR OG HURÐIR



EININGAR EHF
WWW.EININGAR.IS
Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu
Útvega allt jarðefni
VÖRUBÍLL P.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUBUNNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Audbrekku 27. Kópavogi Sími 554 2510
www.bilasprautun.is



OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug
Virkir dagar: 6:30 - 22:00
Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21:30
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



Útfararstofa Íslands
www.utfarin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS




GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

HEYST HEFUR...

...að það hrikti í samstarfi Kirkjukórsins og organistans í sókninni en svo virðist sem búið sé að reka kórinn.

...að ekki sé enn búið að opna meðferðarheimilið í Blönduhlíð á Skálatúni sem var vígt með prompi og prakt fjórum dögum fyrir Alþingiskosningar í haust.

...að bæjarstjórnin á Seltjarnarnesi auglýsi nú eftir áhugasömum til að halda úti nýju bæjarblaði á Nesinu í anda Mosfellings.

...að árshátíð Mosfellsbæjar fari fram í íþróttahúsinu á laugardaginn með stórskotalíði á sviðinu. Herra Hnetusmjör, Friðrik Dór, Hreimur, Magni og fleiri stíga á stökk.

...að Steindi jr. hafi verið tekinn í síðasta blaði Mosfellings þegar Auði vinur hans skáldaði viðtal til að auglýsa Alheimsdrauminn.

...að ADA, Aron Daniel Arnalds sé að fara gefa út sitt annað lag síðar í mars, Gerður vel.

...að loksins sé hægt að fá heilgrillaðan kjúkling aftur í sveitinni eftir að nýja búðin Deli opnaði í Kjarna.

...að Daði sé hættur sem stjórnandi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar.

...að Skólahreysti sé að koma heim í Mosfellsbæ en úrslitakeppnin verður haldin í íþróttahúsinu að Varmá í beinni útsendingu 6. og 7. maí.

...að Gummi Matt hafi orðið sextugur í gær.

...að Edda Björgvins (Stella) ætli að mæta í bíó í Hlégarði á sunnudaginn þar sem Stella í orlofi verður sýnd.

...að Mosfellingar eigi einn besta útvarps- og podcastmann landsins um þessar mundir, Gunnar Hilmar, öðru nafni Bomban.

...að Jeppamenning í mars verði haldin í Varmadal laugardaginn 15. mars.

...að Miðflokksmaðurinn Bergþór Ólason sé orðinn einn eigenda lóðarinnar í Bjarkarholti þar sem reisa átti viðbót við hjúkrunarheimilið.

...að Eyþór Theodórsson sé hættur að halda með Liverpool og hafi snúið sér alfarið að Manchester United.

...að verið sé að stofna félag velunnara Varmárlaugar með það að markmiði að standa vörð um laugina.

...að Elva Björg með eldri borgara starfið verði fimm tug um helgina.

...að safnast hafi vel yfir milljón á kótiletukvöldi UMFUS.

...að Elva Margrét og Daniel eigi von á sínu fyrsta barni í sumar.

...að Mosfellingarnir knáu Ásbjörn Geirs og Andrés Björgvins hafi báðir orðið Íslandsmeistarar nema og ungsveina 2025. Ásbjörn í kjötið Andrés í matreiðslu.

...að Stormsveitin verði í Hlégarði með huggulegt prógram 13. mars.

...að ábúendur í Laxnesi sé búnir að höfða mál gegn bænum og golfklúbbum vegna umferðar um veginn sem liggur að Bakkakoti.

mosfellingur@mosfellingur.is



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS
SMÁGRÖFUR OG VINNUVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI



AFTURELDINGARVÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Í eldhúsinu



HJÁ BELINDU

Shepards pie

Belinda Chenery deilir hér með okkur uppskrift að klassiskum breskum rétti, sumir segja írskum, en uppskriftn er fyrir 6-8 manns og tekur um 60 mín.

Innihald:

- 1 kg nautahakk
- 1 laukur
- 4-5 gulrætur
- 1-2 stíklar sellerí
- 4 hvítlauksgeirar
- 1 dós niðursoðnir tómatar
- 1 dós tómatar purré
- 1 bolli kjúklingakraftur
- 2-3 msk Worchester sósa
- 2 msk soya sósa
- 1 tsk rosmarín/timian
- 1 bolli frosnar grænar baunir (má sl.)
- 2 kg kartöflur
- 150 gr smjör
- 200 ml mjólk/rjómi
- 1 msk sykur
- salt og pipar



Aðferð:

Saxið lauk, skerið gulrætur og sellerí í smáa bita. Steikið við miðlungshita í 4 mínútur.

Bætið hvítlauk út í. Bætið kjötinu út á, steikið þar til það hefur allt brúnast og mestur vökvi er horfinn. Bætið purré úti og eldið í smástund. Því næst tómatar, kjúklingakraftur, worchester, soya og krydd. Smakkið til með salti og pipar. Látið malla í ca. 20 mínútur. Sjóðið kartöflur og stappið. Bætið smjóri, mjólk/rjóma, sykri og salti saman við og hrærið (passið að hræra ekki of mikið, því þá verður músin seig). Hafið músina nægjanlega blauta til að hægt sé að dreifa

úr henni yfir kjötsósuna. Setjið kjötsósuna í eldfast mót og músina yfir. Pískið eitt egg og penslið yfir. Eldið við 180°C í 30-40 mín.

Verði ykkur að góðu

Belinda skorar á Ragnhildi Hjartardóttur að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi


GAMLAR FRÉTTIR

Þegar þetta er skrifað hefur fylupokinn í Hulduhlíðinni, sem er ég, ekki fengið að hella úr skálum reiði sinnar né fengið að losa uppsafnað tuð á síðum Mosfellings í dálítinn tíma.

En nú er komið að því og eins og svo oft áður er af mörgu að taka. Það er nú samt þannig að einn pappakassi sem er búsettur vestur um haf í blessuðum Bandaríkjunum er búinn að stela öllu sviðsljósi undanfarnar vikur og mánuði. Hann má reyndar ekki opna á sér kjaftinn nema að upp úr honum komi einhverjar skrítnar athugasemdir, skoðanir eða fullyrðingar sem gera allt vitlaust. Sitt sýnist hverjum hvort þú sért sammála kauða eða algerlega ósammála en það er allavega engin lognmolla í kringum þennan appelsínugula mann.

Hann er orðinn mjög vinsæll hjá mörgum hér á landi og það hefur myndast mikill stuðningur um hann hjá mörgum. Enda kannski ekki að undra, hann er bæði skemmtilegur, fjallmyndarlegur, hógvæer, umhyggjusamur, fordómalaus, geggjáður dansari, hómoristi mikill og hefur sérstaklega hómor fyrir sjálfum sér og almennt mikill gleðigjafi. Það er ekki furða að hann sé svona vinsæll hér á landi. Ég vona að þú hafir lesið kaldhæðnina í þessu því ég nenni ekki að fá pósta um að ég sé hans maður og sé að tala hans máli eins og gerðist um árið þegar ég skrifaði pistil um Kim Jong. Þá var ég greinilega ekki nógu kaldhæðinn.

Ég veit hreinlega ekki hvernig þetta endar allt saman enda er hann bara búinn að vera nokkra daga í embætti og hann er þegar búinn að rugga bátnum svo hressilega að ég veit bara ekki hvort það sé hægt að toppa þessa vitleysu. En jú hann á enn eftir að toppa sig held ég, ég hef bara ekki nógu gott ímyndunarafl fyrir vitleysunni þarna vesturfrá.



HÖGNI SNÆR



LJÚFFENGAR KÖKUR Í MOSFELLSBAKARÍ

HÁHOLT 13-15

HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI.IS





**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT**

3. APRÍL

*Bláðinu er dreift fritt
í öll hús í Mosfellsbæ.*

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

MG LÖGMENN

Öll almenn
lögfræðipjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is



**VILTU
SELJA?**

588 55 30
WWW.BERG.IS



Líkami og sál
Fótaaðgerðastofa

bverholt 11
sími : 566-6307

www.likamiogsal.is

Gjafakortin okkar er hægt að kaupa á netinu
og fá sent í tölvupósti um hæð

Gjöf sem gleður alla



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.



BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki



ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070



MALBIKSTÖÐIN

WWW.MOSFELLINGUR.IS

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað ert þú búin/n
að borða margar bollur?



SOFFÍA:
6.



EMBLA LÍF:
4.



COCO:
3.



BJARTUR:
5.



GUÐRÚN HARPA:
7.



VÍÐIR PÁLL:
10.

Fylgdu okkur á Instagram...



HVERJIR VORU HVAR ?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Hundrað ára félagar



Porralegir að Varmá



Nóri með tónleika



#270 sigur



Blótað á þorra



Markholts-myndakassinn



Strákarnir á Gamla Trafford



**ANNASAMUR BOLLUDAGUR
Í MOSFELLSBAKARÍ**

TVÍFARAR



Elín Anna



Una Torfa



Bjóðum Rákel velkomna til okkar á

Sprey Hárstofu í Mosfellsbæ & Garðatorgi

Rákel mun vera hjá
okkur í maí og júní.

Hægt er að bóka hjá
henni núna í gegnum
noona appið.



Hægt er að panta tíma á
Sprey.is eða í síma 5176677
Mosfellsbæ og Garðabæ.

ÖLL ALMENN MÚRVINNA


- Múr- og sprunguviðgerðir •
- Steypuslípun •
- Inndælingar •
- Filtering/Pússun •
 - Flotun •
 - Hleðslur •
 - Flísalagnir •

ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA,
HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI



☎ 781 7777

husrad@husradverktakar.is



Fisk ~
búðin
Mos

Háholti 13-15 • Sími 578 6699



ALLT

FASTEIGNASALA

www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505
Þverholt 2 • Mosfellsbær



UPPLJÓMAÐ HELGAFELL

Glæsilegu ljóslistaverki var varpað á Helgafell á Vetrarhátíð í febrúar. Fellið var nýtt sem strigi í ljóslistina sem lýsti upp skammdegjð. Verkið sást víða úr bænum og margir bæjarbúar gerður sér leið að Helgafelli til að njóta.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

2025

Dagbækur og vasadagbækur
Margar gerðir



Nafnagyllingar á frábæru verði!



MÚLALUNDUR
Við Reykjaland, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Brynjólfur Jónsson
löggiltur
fasteignasali
898-9791

Þjónusta við
Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð
897 0047



*Erum með trausta kaupendur
að eftirfarandi eignum:*

- Einbýlishúsi, helst á einni hæð í Höfðahverfi.
- Par- eða raðhúsi í Lindarbyggð, Furubbyggð eða Grenibbyggð.
- 2ja til 3ja herb. íbúð með sérinngangi í Klapparhlíð eða Þrastarhöfða.
- Rað- eða parhúsi í Laxatungu eða Vogatungu.
- 150 til 200 fm atvinnuhúsnæði að Esjumelum.